

# Á sömu leið

Samvinna heimilis og skóla í lestrarnámi barna

---

Guðný Björg Bjarnadóttir

Hildur Hjaltadóttir

Hug- og félagsvísindasvið

Lokaverkefni til  
B.Ed. gráðu í kennarafræðum

Kennaradeild  
Maí 2017

# Á sömu leið

Samvinna heimilis og skóla í lestrarnámi barna

Guðný Björg Bjarnadóttir

Hildur Hjaltadóttir

12 eininga lokaverkefni til B.Ed. prófs í kennarafræðum

Leiðbeinandi: Jenný Gunnbjörnsdóttir

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Akureyri, júní 2017

## Útdráttur

Lokaritgerð þessi er hluti B.Ed prófs við kennaradeild Háskólans á Akureyri vorið 2017. Ritgerðin fjallar um hvernig hægt er að styðja við nemendur í lestrarnámi með samvinnu heimilis og skóla. Að kennarar og foreldrar þurfi að vinna saman að lestrarnámi barna og stefna að sömu markmiðum. Bæði kennarar og foreldrar þurfa að vera meðvitaðir um sína ábyrgð til þess að lestrarnámið gangi sem best fyrir sig. Í kafla tvö er fjallað um hugtökin læsi og lestur, einnig er farið í lesfimi, orðaforða, lesskilning og ritun. Hugtakið læsi vísar til þess að þættir tungumálsins séu samofnir og styðji hver annan en lestur vísar í þegar lesandi les texta og notar til þess það tungumál sem hann kann. Í þriðja kafla er talað um tileinkun læsis og skoðað er bernskulæsi, áhrif umhverfisþátta og tilgangur lestrarnáms. Bernskulæsi er sú færni, kunnátta og viðhorf sem þroskast áður en hið eiginlega lestrarnám hefst. Lestrarfærni er undirstaða alls náms og góð lestrarfærni auðveldar þátttöku í samfélaginu. Læsisríkt umhverfi er mikilvægt til að auðvelda börnum læsi og læsisvitund. Fjórði kafli er um samvinnu heimilis og skóla, hvert er hlutverk foreldra og hvaða leiðir þeir geta farið til að aðstoða börn sín í náminu og mikilvægi þess að skólinn komi til móts við alla foreldra á jafnréttisgrundvelli. Farið er í tilgang heimalesturs og lestrarhvetjandi leiðir skoðaðar sem bæði foreldrar og kennarar geta nýtt sér. Fram kemur í ritgerðinni að skiptar skoðanir eru um heimanám barna en allir eru sammála um mikilvægi heimalesturs. Það er barninu fyrir bestu að ná tókum á lestrinum eins fljótt og auðið er vegna þess að námið verður erfiðara þegar á líður og kröfur um lestur og skilning verða meiri. Þegar allt kemur til alls er mikilvægt að allir séu á sömu leið og samvinna sé á milli heimilis og skóla.

## **Abstract**

This thesis is towards a B.Ed. degree from the Faculty of Education at the University of Akureyri in spring 2017. It discusses ways in which to support students who are learning to read by way of co-operation between the school and the home, i.e. teachers and parents must work together and have the same goals when it comes to the literacy of children. Teachers and parents alike must be aware of their responsibility in order to achieve the best results. Section 2 contains a discussion of the terms literacy and reading, along with a discussion of fluency, vocabulary, reading comprehension and writing. The term literacy refers to aspects of language that are interwoven and support each other, while reading refers to the act of reading a text, using the language with which the reader is familiar. Section 3 discusses the acquisition of literacy, the impact of environmental factors and the purpose of learning to read. Emergent literacy refers to the skills and attitudes that develop before the beginning of a formal reading curriculum. A literacy environment is the basis of all education, and advanced reading skills facilitate participation in society. A literacy environment is important in order to encourage literacy and literacy awareness in children. Section 4 discusses the co-operation between the school and the home, the role of parents, ways in which they can support children in their education and the importance of the school treating all parents equally. The purpose of home reading is examined, as are methods to encourage reading that both parents and teachers can utilise. It is noted in the thesis that there is no consensus on the value of homework assignments for children, but everyone agrees that home reading is important. It is best for children to become literate as soon as possible, as their studies will become increasingly difficult and more requirements for reading and comprehension will be made. In the end, it is important for everyone to be on the same page and for the home and the school to work together.

Viljum við þakka eiginmönnum og börnum okkar fyrir þolinmæðina sem þau hafa sýnt okkur í náminu. Það hefur örugglega ekki alltaf verið auðvelt fyrir þau. Einnig viljum við þakka þann stuðning sem við höfum fengið frá fólkinu okkar. Fyrir að hafa trú á okkur þegar við höfðum hana ekki alltaf sjálfar til að byrja með.

Án allrar tækninnar hefði samvinna okkar orðið erfiðari en með aðstoð hennar gátum við skrifað saman á sitthvoru landshorninu. Samvinnan hefur gengið mjög vel og gátum við stutt og styrkt hvor aðra eftir þörfum því verkefnið var ekki alltaf auðvelt þótt það hafi oftari verið skemmtilegt og lærdómsríkt.

*Hildur Hjaltadóttir og Guðný Björg Bjarnadóttir*

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	2
2. Læsi og lestur .....	4
2.1 Um læsi og lestur .....	4
2.2 Lesfimi.....	6
2.3 Orðaforði .....	6
2.4 Lesskilningur .....	8
2.5 Ritun.....	9
2.6 Samantekt.....	11
3. Tileinkun læsis.....	13
3.1 Bernskulæsi .....	13
3.2 Mál og læsi.....	14
3.3 Áhrif umhverfispáttá á læsi barna .....	15
3.4 Tilgangur lestrarnáms .....	17
3.5 Samantekt.....	18
4. Samvinna heimilis og skóla .....	20
4.1 Hlutverk og samstarf heimilis og skóla.....	20
4.2 Tilgangur heimallesturs.....	23
4.3 Hlutverk og leiðir foreldra .....	24
4.3 Þáttur foreldra í heimanámi.....	26
4.4.1 Stuðningur við foreldra .....	28
4.5 Lestrarhvatning .....	29
4.5.1 Upplestrarkeppnir .....	31
4.5.2 Lestraráttak.....	31
4.5.3 Bókakvöld.....	31
4.5.4 Fágæti og furðuverk .....	32
4.5.6 Stafrænt námsefni .....	32
4.6 Samantekt.....	33
5. Niðurstöður og umræður.....	35
Heimildaskrá.....	37

# 1. Inngangur

Segja má að lestur sé flókin aðgerð sem byrjar snemma á lífsleiðinni. Bernskulæsi er undirbúningur undir hið eiginlega lestrarnám sem byrjar formlega þegar börn hefja sína grunnskólagöngu. Hvernig þessum þætti er sinnt bæði heima fyrir og í leikskóla er mikilvægt og getur haft mikið að segja þegar kemur að lestrarnámi og hversu fljótt barnið nær tækninni. Jákvætt viðhorf foreldra og ef barnið elst upp í lestrarhvetjandi umhverfi mótar viðhorf barnsins. Meiri líkur eru á að barnið sýni áhuga á að læra að lesa við þær aðstæður. Í nútímasamfélagi er góð lestrarfærni mikilvæg til að auðvelda þátttöku í lífi og starfi. Að hafa náð tökum á læsi felur í sér meiri þekkingu en að geta ráðið í letur og lesið texta. Meginmarkmið læsis er að gera börn virka þátttakendur í samfélaginu sem geta tjáð sig og túlkað. Þau verði fær um að vinna með upplýsingar sem þau afla sér.

Lestrarnám er samstarfsverkefni heimilis og skóla og verða foreldrar og kennarar að gera sér grein fyrir að þeir gegna þar mikilvægu hlutverki. Bæði foreldrar og kennarar vinna að sama markmiði sem er að barnið öðlist góða lestrarfærni. Foreldrar þurfa að styðja við lestrarnámið í samstarfi við skólann og vera hvetjandi. Kennarinn þarf að vera til staðar fyrir alla foreldra og aðstoða þá eftir því sem við á. Mikilvægt er að kennarar geri sér grein fyrir að ekki eru allir í stakk búinir að aðstoða börn sín í lestrarnáminu. Hægt er að fara margar leiðir í lestrarkennslu og mikilvægt er að finna áhuga hvers nemanda og efla hann. Í ritgerðinni er sagt frá nokkrum lestrarhvetjandi leiðum sem bæði foreldrar og kennarar geta nýtt sér.

Í þessari ritgerð ákváðum við að skrifa um lestur og mikilvægi þess að foreldrar styðji við lestrarnám barna sinna. Umræðan í samfélaginu hefur verið mikil um heimanám. Þegar fólk talar um heimanám undanskilur það oft heimalesturinn. Teljum við það vera vegna þess að fólki finnst heimalesturinn vera sjálfsgæði heldur en annað heimanám. Okkur langaði að fræðast aðeins nánar um heimalesturinn og hlutverk foreldra og skóla. Lögðum við upp með það markmið að leita svara við hvernig hægt er að styðja nemendur í lestrarnámi og stuðla að árangursríkri samvinnu heimilis og skóla í þeim tilgangi.

Ritgerðin er byggð þannig upp að fyrst gerum við fræðilega grein fyrir lestri og læsi þá fjöllum við um tileinkun læsis, bernskulæsi og tilgang lestrarnáms. Í fjórða kafla er fjallað um samvinnu heimilis og skóla hvert hlutverk þeirra er. Sagt er frá nokkrum lestrarhvetjandi leiðum sem bæði heimili og skólar geta nýtt sér.



## 2. Læsi og lestur

Í þessum kafla er fjallað um læsi og lestur. Farið er í skilgreiningu á hugtakinu læsi og hvernig merking þess hefur breyst í gegnum árin. Hugtakið læsi vísar í að þættir tungumálsins séu samofnir og styðji hver annan. Þá hefur tölvutækni átt mikinn þátt í þeim breytingum. Nú fer fram mikill lestur og ritun í tölvum því fólk nýtir sér þær til að lesa og leita að upplýsingum. Þannig urðu nýyrðin stafrænt læsi, miðlamennt og miðlalæsi til.

Hugtakið lestur vísar í þegar lesandinn les texta og notar til þess það tungumál sem hann kann. Lesandinn breytir stöfum í orð og þekking hans og reynsla hjálpar honum að skilja merkingu textans. Einnig er fjallað um grunnþætti læsis, lesfimi, orðaforða, lesskilning og ritun.

### 2.1 Um læsi og lestur

Merking hugtaksins læsi er nokkuð víð og vísar til þess að litið er á tungumálið sem heild, að lestur, ritun, tal og hlustun séu samofnir þættir sem styðji hver annan. En með tímanum hefur merking þess orðið enn víðari. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* segir að hugmyndir manna um læsi hafi breyst, lengi vel var læsi einungis tengt við þá kunnáttu að geta fært hugsun sína í letur og lesið prentaðan texta. Hafi það snúist um prentmálið, eitt kerfi tákna og þau tjáningarform sem tengjast því. Fræðimenn hafi bent á að læsi snúist um að menn séu sammála um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og sé því félagslegt. Þeir segja að læsi sé háð hefð og það sé ekki færni sem einstaklingur geti öðlast og notað óháð gildum, menningu, stað og stund (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 18).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* kemur einnig fram að það eru ekki bara rannsóknir á læsi sem hafa breytt skilgreiningu hugtaksins heldur hefur stafræn tækni breytt því líka. Nú fer lestur og ritun ekki bara fram í bókum heldur nýtir fólk sér stafræna tækni til lesturs og miðlunar. Við þessar aðstæður hafa orðið til ný orð eins og stafrænt læsi, miðlamennt og miðlalæsi. Stafræna læsið vísar í þá kunnáttu sem fólk þarf að tileinka sér við notkun á tölvu og netmiðlum og hvernig hægt er að nýta fleiri mál, svo sem myndmál og tónlist til viðbótar ritmálinu við merkingarsköpun. Miðlamennt vísar til

skólastarfs þar sem nemendur nota ýmsa miðla við nám sitt, þeir læra að meta miðlað efni og nýta sér ólíka tækni og leiðir við eigin þekkingarsköpun. Orðið miðlalæsi er síðan notað um þá færni og kunnáttu sem nemendur öðlast við slíkt nám. Meginmarkmið læsis samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* er að nemendur verði virkir þátttakendur í samfélaginu og geti túlkað og tjáð sig persónulega á skapandi hátt. Einnig að þeir geti nýtt sér og unnið með upplýsingar með hjálp þeirra miðla og tækni sem þeir hafa kost á (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 19).

Guðmundur B. Kristmundsson (2009, bls. 149 - 150) skilgreinir læsi (e. literacy) sem þá færni sem áunnist hefur í lestri og ritun. Segir hann einnig að í læsi felist færnin til að gera sér grein fyrir hvernig hægt er að nota lestur og ritun í því samfélagi sem einstaklingurinn býr í. Hann segir að varla sé hægt að kenna læsi heldur ætti að efla það með hvatningu til lestrar og með formlegri eða óformlegri lestrarkennslu. Einnig segir hann að læsi og lestur sé ekki það sama. Hann segir að lestur (e. reading) sé ferli þar sem samskipti eru á milli texta og lesandans. Hann segir að algengasta skilgreiningin á hugtakinu sé sú að lestur sé ferli þar sem að lesandinn greinir texta með því að nota tungumálið, reynslu og þekkingu sína. Hann segir að lestur sé vitrænt ferli þar sem lesandinn breytir táknum í orð á því máli sem hann kann. Þekking hans og reynsla hjálpar honum að skilja merkingu textans.

Einfalda lestrarlíkanið (e. The Simple View of Reading) er kenning sem byggð er á rannsókn Hoover og Gough (1990, bls. 153) en þar segir að lestur samanstandi af umskráningu og lesskilningi. Umskráning felst í því að geta tengt saman bókstafi og viðeigandi hljóð og lesið úr bókstöfum stök orð og lengri texta. Lesskilningur er að skilja og túlka orð, setningar og samfellt mál. Hoover og Gough (1990, bls 128) telja að barn sem ekki getur umskráð bókstafstáknin geti ekki lesið. Barn sem ekki skilur textann en getur lesið úr bókstafstáknum telst ekki vera læst því það vantar skilninginn. Kenning þeirra Hoover og Gough byggir á að umskráning og lesskilningur séu tveir aðskildir þættir. En báðir skýra þeir að mestu leyti þá færni sem barn þarf til að öðlast lesskilning sem er markmið með lestri.

## 2.2 Lesfimi

Með hugtakinu lesfimi er átt við að geta lesið texta á vandaðan hátt. Lesfimi er samhæfing í umskráningu, þekkingu orða og lesskilningi. Lesið er hratt, áreynslulaust og umskráning er sjálfvirk. Hvort sem lesið er upphátt eða í hljóði er lesið af innlifun. Lesendur lesa með viðeigandi tjáningu, hljómfalli og hlé er gert á viðeigandi stöðum. Einnig finna þeir út mikilvæg orð og leggja áherslu á þau í lestrinum (Cecil, 2011, bls. 100).

Kuhn, Schawanenfugel og Meisinger (2010, bls. 240) segja að þessi færni byggji á nákvæmni, sjálfvirkni og réttu hljómfalli tungumálsins. Er þessi þáttur mikilvægur við upplestur og hljóðlestur, hann getur bæði stutt við og takmarkað lesskilning. Nemendum sem ekki hafa náð ákveðinni færni og nákvæmni í lestrinum er hættara við að lesa rangt og misskilja.

Helga Sigurmundsdóttir (2011, bls. 94) segir að nemendur með góða lesfimi eigi auðveldara með að skilja það sem þeir lesa og þeir líti frekar á lestur sem jákvæða og þarfa leikni. Þeir eru frekar jákvæðir í garð náms og finnst lestur skemmtilegur og auðveldur og lesa frekar sér til ánægju auk þess að lesa námsefnið. Kuhn og félagar (2010, bls. 240) tala um að þeir nemendur sem eru lengra komnir í lestrinum og umskráningin er orðin sjálfvirk og hröð, nýti allt sem þeir hafa lært til að auðvelda lesturinn og geti einbeitt sér að skilningi.

## 2.3 Orðaforði

Í bókinni *Íslenska í 1. og 2. bekk- Handbók kennara* segir að ríkulegur orðaforði sé mikilvægur, bæði til þess að koma frá sér hugsunum sínum og til að afla sér meiri þekkingar. Þar kemur líka fram að orðaforðinn sé lykillinn að tungumálinu og að ekki sé hægt að skilja hann frá námi og lestri. Í gegnum hlustun, tal, ritun og lestur þróa einstaklingar orðaforða sinn (Halldóra Haraldsdóttir, 2009, bls. 22).

Ekki er ein fullkomin skilgreining á því hvað orðaforði er en Sigurður Konráðsson (2000, bls. 153) skilgreinir hugtakið orðaforði sem „*það safn orða sem einstaklingur hefur á valdi sínu.*“ Hann segir að orðaforða sé skipt í tvo flokka, virkan og óvirkan orðaforða. Virkur orðaforði er þau orð sem við notum í daglegu tali. Óvirkur orðaforði er

þau orð sem við þekkjum og skiljum þegar við heyrum eða lesum þau en notum ekki í daglegu tali. Sigurður segir að í nútímasamfélagi sé talað um að orðaforði barna og unglunga sé lakari en áður var. Foreldrar og börn tali ekki eins mikið saman og gert var áður fyrr og veltir hann fyrir sér hvort það gæti það verið ástæðan. Einnig veltir hann því fyrir sér hvort orðaforði ungmenna í dag sé kannski ekkert minni en hann var heldur annar og þau noti orð sem fullorðnum er ekki tamt að nota (Sigurður Konráðsson, 2000, bls. 153 – 169).

Til þess að einstaklingur geti aflað sér þekkingar í gegnum lestur þarf hann að búa yfir góðum orðaforða. Rannsóknir sýna að lesskilningur og þekking hvers einstaklings tengist þeim orðaforða sem hann býr yfir. Vinna þarf með orðaforða nemenda til þess að þeir nái góðum lesskilningi. Nemendur auka við orðaforða sinn með daglegu samneyti við annað fólk og í gegnum daglegt líf. Mikilvægt er að leggja áherslu á að vinna með fjölbreyttan orðaforða og efla skilning þeirra á málinu til að þau nái góðum lesskilningi (McKeown og Beck, 2004, bls. 13 – 19).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* er talað um hversu mikilvægt er að hafa góðan orðaforða, lesskilning og lestrarkunnáttu almennt. Þar kemur fram að reynsla ásamt því hvaða merkingu einstaklingar leggja í hlutina hefur mikið að segja þegar kemur að lesskilningi. Þar kemur fram að einstaklingar geta skilið sama texta á mismunandi hátt. Er það ekki endilega vegna þess að annar sé betur læs en hinn heldur er það sú túlkun og skilningur sem viðkomandi leggur í textann sem stjórnar skilningnum (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 18-19).

Í bók sinni *Striking a balance* segir Nancy Lee Cecil að hægt sé að nota margvíslegar aðferðir til að auka orðaforða hjá börnum og kenna þeim ný orð áður en hin eiginlega lestrarkennsla hefst. Með því að hlusta á upplestur eða frásagnir læra börn ný orð og einnig með því að heyra ljóð eða þulur. Söngur eykur orðaforða og einnig eru öll samskipti til dæmis í leik og starfi góð til að auka orðaforða barna (Cecil, 2011, bls.134).

Þegar komið er að lestrarkennslu telur Cecil að kennarar verði að vera meðvitaðir um að í gegnum lestur, samræður og skrifleg verkefni auka nemendur orðaforða sinn hvað mest. Hafa verði í huga að gefa nemendum góðan tíma til að lesa í skólanum og leyfa þeim að lesa allskonar efni, bæði fræðilegt og afþreyingarefni. Með því að leyfa

nemendum að lesa frjálst í bókum er hægt að auka áhuga nemenda á lestri sem verður svo til þess að lestrargeta eykst. Cecil segir að kennarar þurfi að finna aðferðir til að kenna börnum að lesa sjálfstætt og aðstoða þá við að finna efni sem hentar áhugasviði þeirra. Mikilvægt sé að nemendur hafi góðan aðgang að fjölbreyttu efni bæði heima og í skólanum til að lesa. Hún segir einnig að með því kynnist þeir nýjum orðum sem þeir geta bætt í orðaforða sinn. Að mati Cecil er mjög gagnlegt að lesa upphátt fyrir nemendur. Sérstaklega á þetta við þegar um nemendur ræðir sem eru með slakan orðaforða, því þegar kennarinn les upphátt getur hann útskýrt orð sem koma fyrir og rætt um textann. Einnig geta nemendur þá spurt ef þeir skilja ekki eitthvað í textanum. Til að auka orðaforða er mikilvægt að byggja á fyrri reynslu og setja orðin í samhengi við þá þekkingu sem fyrir er. Koma með dæmi svo nemendur geti samsamað sig við það sem verið er að tala um. Kennarar geta eftt gagnrýna hugsun hjá nemendum með því að hvetja þá til að hugsa um hvað orðin þýða og beðið þá að útskýra hvernig þeir hugsa orðin eða það sem verið var að ræða um (Cecil, 2011, bls. 138).

## 2.4 Lesskilningur

Lesskilningur er í raun það ferli þegar lesinn er texti og lesandinn býr sér til merkingu og skilning út frá því sem hann les. Góður lesandi tileinkar sér margar aðferðir til að skilja textann sem hann er að lesa (Cecil, 2011, bls. 158).

Í bók sinni *Eflum lesskilning* talar Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir um að lesskilningur sé mikilvægur hluti af lestrarferlinu. Í því felst tvenns konar úrvinnsla, annars vegar er það umskráning rittákna í hljóð og orð, hins vegar merkingarleg greining á orðum, setningum og texta. Fram kemur að úrvinnsla er það þegar lesandinn breytir upphátt eða í huga sínum stafarunum í hljóðarunur til þess að skilja það sem hann er að lesa. Merkingarlega greiningin er það að vinna úr textanum, finna þekkingu sem fyrir er og öðlast hugræna mynd með því að tengja þessa þætti saman. Lesskilningur er sá hæfileiki að skilja texta sem lesinn er út frá kunnáttu sinni og reynslu. Að tileinka sér lesskilning getur verið erfitt og flókið verkefni. Undirstaða þess byggir á margvíslegum þáttum eins og málskilningi, færni í að umskrá, fjölbreyttum orðaforða, að geta dregið ályktanir og ræðst einnig af bakgrunni lesanda (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010, bls. 25).

Lesskilningur nemenda veltur á orðaforða þeirra en einnig þekkingu þeirra á merkingu, setningar- og málfræði móðurmálsins. Að skilja texta byggist á því að lesandinn skilji samhengið og það reynir á þekkingu hans. Þó að barn hafi náð þeirri færni að geta bæði lesið í hljóði og upphátt er ekki öruggt að lesskilningur sé fyrir hendi. Barn, sem við höldum að skilji okkur fullkomlega þegar við tölum við það, gerir það ekki endilega heldur notar það samhengi orða og athafna til að ná skilningi á því sem talað er um. Málskilningur, eða skilningur á orðum og setningum, er undirstaða lesskilnings og tengjast þessir tveir þættir. Barn sem er með lítinn málskilning hefur líka lítinn lesskilning. Þeim börnum sem gengur illa að ná lestrartækninni, eiga oft í erfiðleikum með að skilja texta. Þau eyða svo mikilli orku í að umskrá það sem þau eru að lesa að þau ná ekki samhengi textans og skilningurinn verður lítill (Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2011, bls. 3).

## 2.5 Ritun

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* kemur fram að það séu kröfur frá samfélaginu að fólk geti tjáð sig skriflega og skrifað mismunandi texta. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli eiga auðveldara með að miðla efni til annarra, en ritun snýst meðal annars um að miðla upplýsingum. Í ritun felst einnig að geta ráðið í letur, skilið og túlkað texta. Þannig tengjast lestur og ritun og því er mikilvægt að þjálfna þá þætti samhliða frá upphafi skólagöngu og allt til loka hennar. Mikilvægt er að byggja upp stigvaxandi hæfni í ritun en líta má á að í ritunarkennslu felist tveir samofnir þættir. Annars vegar er það tæknileg atriði eins og skrift, uppsetning, stafsetning og frágangur texta. Hins vegar er textinn sjálfur, val á textagerð, skipan efnispáttá, málið, málsnið og stíll (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls 98 - 99).

Stór hluti af því að ná færni í ritun er að læra að nota ritmál á fjölbreyttan hátt í mismunandi tilgangi (Rannveig Oddsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir, 2012). Í ritunarnáminu er mikilvægur þáttur að ná tókum á textaritun, að geta skrifað samfelldan texta af ýmsum tegundum er forsenda þess að hægt sé að nýta sér ritun til samskipta og miðlunar (Freyja Birgisdóttir, Rannveig Oddsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2013). Börn byrja ung að átta sig á ólíkum textategundum. Á

leikskólaaldri geta þau greint á milli textategunda eins og frásagna- og upplýsingatexta og hafa öðlast færni til að beita þeim í talmáli (Duke og Kays, 1998).

Hvetja þarf börn til að skrifa því þá sjást hugmyndir þeirra í táknum á blaði. Með meiri þroska kemst á samband milli máls, ritunar og máltilfinningar. Við ritun leitar barnið í orðaforða sinn að þekkingu, mál- og stílfræðilegum atriðum sem það hefur lært og þekkir. Börnin fara að skilja að bókstafir standa fyrir eitthvað meira, að þeir séu ekki bara tákn. Til eru ýmsar kenningar um þróun ritunar en Riley og Reedy (2000, bls. 47 – 50) settu fram kenningu um að þróun hennar skiptist í sjö þrep þar sem allir þættir tungumálsins koma við sögu. Á fyrsta þrepinu eru börnin ung og eru að prufa sig áfram. Ritunin þróast eftir því sem þau eldast og þroskast. Hér á eftir má sjá útskýringu á þrepunum sjö:

### **1. þrep – Frumkrot** (e. scribbling).

Fyrsta skref í þróun ritmáls hjá börnum. Einkennist af kroti sem er tilviljunarkennt og virðist merkingarlaust.

### **2. þrep – Meðvitað krot** (e. controlled scribbling).

Barnið líkir eftir ritmálinu og dregur upp línur, bylgjur og hringi. Það býr stundum til mynstur sem endurtekur sig aftur og aftur. Krotið hefur þýðingu í huga barnsins. En það gerir ekki mun á því að skrifa og teikna.

### **3. þrep – Meðvitað og merkingarbært krot** (e. name scribbling eða pre-phonetic stage).

Krot barnsins fer að hafa merkingu og ef lesandinn þekkir vel til getur hann stundum fengið merkingu út úr því. Barnið áttar sig á að teikning og skrift er tvennt ólíkt og veit að letur hefur aðra þýðingu. Það fer að nota bókstafina og bætir þannig við sitt eigið táknkerfi. Barnið þykist lesa og skrifar ofan í texta annarra.

### **4. þrep – Forstig hljóðunar** (e. semi-phonetic stage).

Barnið gerir sér grein fyrir að stafir standa fyrir hljóð í talmálinu. Það áttar sig á að hægt er að rita niður talmálið en hefur ekki öðlast þá færni sjálft. Það fer að prófa að skrifa en notar fáa bókstafi. Börn á þessu stigi sleppa oft sérhljóðum þegar þau skrifa.

### **5. þrep – Hljóðunarstig** (e. phonetic stage).

Barnið greinir hljóð í orðum og setur tákn við hljóðin þannig að saman mynda þau orð. Það skrifar meginhljóð og stafi sem eiga að vera í orði, sleppir oft sérhljóðum á eftir

samhljóða. Það blandar saman hástöfum og lágstöfum og yfirleitt hefur það ekki bil á milli orða. Barnið skrifar oftast stuttan texta með frekar löngum setningum. Smám saman verður textinn innihaldsríkari og orðaforðinn eykst hjá barninu.

#### **6. þrep – Millistig hljóðritunar og réttitunar (e. transitional stage).**

Hljóðvitund barnsins hefur þróast og það getur aðgreint sérhljóð og samhljóð, einnig samhljóðasambönd í orðum og skrifar nokkuð réttan texta. Barnið er byrjað að nýta sér stafsetningarreglur. Skrifar alla bókstafina í orðinu og notar sérhljóða í hverju atkvæði, notar punkt í lokin á setningu og hefur bil á milli orða. Barnið notar sjónminni við ritun á orðum sem það þekkir. Ritsmið þess hefur upphaf, miðju og endi. Textarnir eru lengri og innihaldsríkari en áður.

#### **7. þrep – Stig réttitunar (e. correct stage).**

Barnið hefur náð góðri færni í réttitun. Það kann grunnatriði í stafsetningu og málfræði. Það notar sjónminni og hefur þekkingu á uppbyggingu orða. Barnið fer að þróa sinn eigin stíl í ritun (Riley og Reedy, 2000, bls. 52 – 58).

## **2.6 Samantekt**

Hér að undan er fjallað almennt um hugtökin læsi og lestur. Læsishugtakið hefur tekið breytingum í gegnum árin og er ekki lengur aðeins tengt lestri texta, heldur er það orðið mun víðara og er til dæmis talað um miðlalæsi. Læsi nær meðal annars yfir þá færni sem áunnist hefur í lestri og ritun. Í læsi felst færnin að gera sér grein fyrir hvernig hægt er að nota lestur og ritun í eigin samfélagi. Lestur er hins vegar það ferli þegar lesandinn breytir táknum í orð og nýtir þekkingu sína og reynslu til að skilja merkingu orða.

Farið var í helstu grunnþætti í læsi. Lesfimi, orðaforða, lesskilning og ritun. Lesfimi er samhæfing í umskráningu, þekkingu orða og lesskilningi. Nemandi telst góður lesandi þegar hann getur lesið hratt, áreynslulaust, umskráning er sjálfvirk og hann er fær um að lesa af innlifun. Til þess að nemandi geti aflað sér þekkingar í gegnum lestur þarf hann að búa yfir góðum orðaforða. Orðaforði er lykill að málinu og ekki er hægt að skilja hann frá námi og lestri. Nauðsynlegt er að hafa góðan orðaforða því hann er undirstað lesskilnings. Lesskilningur er það ferli þegar lesandinn skilur og getur túlkað það sem hann les. Að skilja texta byggist á því að lesandinn skilji samhengi, það reynir á



þekkingu hans. Þó að barn hafi náð þeirri færni að geta lesið er ekki víst að lesskilningur sé fyrir hendi. Ritun snýst um að miðla upplýsingum og að geta ráðið í letur, skilið og túlkað texta. Þegar færni þessara þátta hefur verið náð telst viðkomandi vera búinn að ná tökum á lestrinum. Í næsta kafla er fjallað um bernskulæsi og hvernig þættir í umhverfinu hafa áhrif á læsi.

### 3. Tileinkun læsis

Í þessum kafla er talað almennt um bernskulæsi og málþroska barna. Einnig er fjallað um hvernig umhverfið hefur áhrif á læsi og til hvers við lærum að lesa. Talað um áhuga og mismunandi hæfni til lesturs. Börn afla sér ýmiss konar þekkingar þó þau séu ekki farin að geta lesið sjálf. Bernskulæsi er sérstök færni, kunnátta og viðhorf sem þroskast áður en barnið lærir að lesa og skrifa. Málfærni barna er undirstaða þess hvernig þeim tekst að tileinka sér læsi og lestur. Stuðningur fjölskyldunnar er mikilvægur í lestrarnámi barnsins því hún mótar gjarnan viðhorf og áhuga og hefur áhrif á getu barnsins til lestrarnáms.

#### 3.1 Bernskulæsi

Í grein sinni *Hvað vita börn um læsi við lok leikskóla* talar Halldóra Haraldsdóttir um að bernskulæsi gefi til kynna lestrarhegðun barna áður en hin eiginlega lestrarkennsla byrjar. Að bernskulæsi sé túlkað sem sérstök færni, kunnátta og viðhorf sem þroskast í aðdraganda lesturs og ritunar. Börn öðlist þekkingu í gegnum hvetjandi umhverfi og jákvæð samskipti, sem einnig eru örvandi hvað varðar mál og ritun. Börn nái að tileinka sér ýmsa þekkingu í lestri þó að þau séu ekki farin að geta lesið sjálf (Halldóra Haraldsdóttir, 2010, bls. 55). Einnig talar Halldóra um bernskulæsi í grein sinni *Er samfella í læsiskennslu barna á mótum leik- og grunnskóla?* Þar segir hún að bernskulæsi feli í sér skilning á hugtökum sem eru tengd læsi og nái yfir venjubundna læsisþætti, þ.e. hljóðkerfisvitund, bókstafsþekkingu, umskráningu, orðaforða, málskilning og ritun. Viðhorf barna til læsis og meðvitund um tilgang þess að læra að lesa mótast strax þegar þau eru á leikskólaaldri. Fram kemur að málfærni barna er undirstaða þess hvernig þeim tekst að tileinka sér læsi og lestrarfærni. Ákveðin gagnvirkni á sér stað þ.e.a.s. málþroski hefur áhrif á læsi og læsi hefur áhrif á málið (Halldóra Haraldsdóttir, 2012).

Oft er talað um að börn byrji að læra að lesa þegar þau byrja í grunnskóla og finnst þeim jafnvel sjálfum að þau byrji lestrarnámið þegar þau koma þangað. En oftast eru þau byrjuð að læra að lesa áður en þangað kemur t.d. eru þau byrjuð að læra stafina og fleiri grunnatriði sem lesturinn byggir á (Vacca, Vacca og Gove, 2000, bls 73).

Whitehurst og Lonigan (1998, bls. 848 - 872) segja að þessi fyrstu ár séu mikilvæg vegna þess að á þeim myndast það viðhorf sem börn munu hafa til lesturs og hefur það áhrif á getu þeirra til lesturs í framtíðinni. Á þessu tímabili eru þau að handleika bækurnar og fara að skilja merkingu ritmáls. Þau fara að leiða hugann að bókstöfunum og svo orðum og setningum og skilja að hver stafur hefur ákveðið hljóð. Að börnin skilji tengsl tákns og hljóðs er forsenda þess að þau skilji meginreglur ritmálsins.

Eins og fram kom í kafla tvö má skipta þróun ritunar í þrep, í fyrstu er það krot sem breytist í form sem verður svo að stöfum. En Whitehurst og Lonigan telja þróunina vera þannig að börn skrifi stafi þó að þau séu ekki orðin fær um að skrifa skiljanleg orð en það komi seinna. Við lok leikskóla eru þau oft farin að geta tengt bókstafina við hljóð og skrifað auðveld orð. Whitehurst og Lonigan tala um að í bernskulæsi komi fram einkenni þykjustulesara (e. pre-readers) sem getur haft áhrif á lestur og skrift seinna. Upplifanir hafi áhrif á framvinduna og athafnir auki félagslegt samband í því læsisumhverfi sem þykjustulesarinn er í (Whitehurst og Lonigan, 1998, bls. 848 – 872).

## 3.2 Mál og læsi

Sá þáttur sem skiptir hvað mestu máli fyrir hugsanir og samskipti manna er málið. Samskipti grundvallast af getunni til að vísa til þess sem liðið er. Mikilvægt er að hafa góða málvitund til þess að hægt sé að nýta sér lestur, ritun, hlustun og samræður til gagns. Vert er að hafa það hugfast að undirstaða alls formlegs náms grundvallast á málinu (Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2010, bls. 20).

Þróun bernskulæsis hjá börnum byrjar snemma og fléttast málproskanum. Málskilningur þeirra verður smátt og smátt meiri, orðaforðinn eykst og þau fara að skilja fleiri hugtök og merkingu þeirra. Málproski er grunnurinn að lesskilningi. Þegar börn eru fjögurra til sex ára eru þau flest komin með góða færni í móðurmálinu og farin að geta gert sér grein fyrir uppbyggingu talaðs máls. Þau eru farin að geta leikið sér með tungumálið t.d. búið til ný orð, bullorð, rímað og fundið hvaða orð ríma ekki. Það er mikilvægt að þau nái tökum á að leika sér með málið áður en eiginlegt lestrarnám hefst. Við þennan aldur fara börn að átta sig betur á málfræði tungumálsins og þau fara að skynja hvernig orðin beygjast og hvað er forskeyti og stofn orðanna. Þau fara svo smám saman að skilja að við notum tungumálið í ákveðnu samhengi. Börn með góðan

málproska eiga almennt auðveldara með nám en þau sem eru með slakan málproska (Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir, 2011).

Á leikskólum er hugtakið málörvun notað þegar unnið er með alla þætti málsins, þeir örvaðir og þjálfaðir. Mikilvægt er að styrkja þessa þætti vegna þess að þeir eru undirstaða góðs málproska og málvitundar, einnig eru þeir undirstaða lesskilnings og læsis. Þessir þættir eru t.d. lestur, ritun, tal, hlustun, efling orðaforða og málskilnings. Í málörvun felast mörg atriði, þau eru samfléttuð á marga vegu líkt og málproskinn er samofinn öðrum þroskaferlum eins og vitrænum og félagslegum. Góður málproski og góð málörvun í leikskólastarfi skiptir miklu máli vegna þess að þar er lagður grunnur að því sem koma skal. Það er því nauðsynlegt að sinna málörvun daglega í leikskólanum annað hvort með skipulögðum hætti eða í frjálsum leik. Það getur skipt sköpum hvað varðar læsi barnsins í framtíðinni (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2011).

Á meðan börn eru að læra málið skiptir miklu að þau eigi í félagslegum og innihaldsmiklum samskiptum við aðra vegna þess að „Máltakan er samspil umhverfis og líffræðilegra þátta“ (Sigríður Sigurjónsdóttir, 2013, bls. 124).

### **3.3 Áhrif umhverfisþátta á læsi barna**

Í bókinni *Er þetta stafurinn minn?* talar Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir um mikilvægi þess að fyrstu kynni af lestri séu jákvæð fyrir börn, fari fram í notalegu umhverfi í faðmi foreldra eða annarra sem lesa upphátt úr bók. Myndirnar eru skoðaðar og ræddar jafnóðum. Þessar stundir eru lestrarhvetjandi og eftirminnilegar samverustundir. Þær veita öryggi sem barnið getur búið að alla ævi. Þar kemur einnig fram að þróun læsis er háð félagslegum þáttum og mótast viðhorf barna til ritmáls af umhverfinu. Börn sækjast eftir vitneskju um ritmálið af forvitni og eru flest þriggja til fjögurra ára gömul börn farin að velta ritmálinu fyrir sér. Þau eru forvitin um stafi og skoða stór auglýsingaskilti eða orð í texta. Þannig byrja þau að byggja upp þekkingu sem síðar mun nýtast þeim við lesturinn. Börn eru mismunandi dugleg að nýta tækifæri sem þau fá til örvunar og hvatningar. Hvert og eitt barn þarf að læra að lesa og skrifa á sínum forsendum. Lesturinn þróast í samspili umhverfisþátta sem tengjast málproska, lestri og ritun og þurfa kröfur og aðstæður að miðast við þarfir og þroska hvers og eins (Guðlaug Sjöfn

Jónsdóttir, 2014, bls. 8 og 31). Steinunn Torfadóttir (2011, bls.13) segir kennara og foreldra þurfa að huga vel að grunninum í lestrarnámi. Það sé mikilvægt að styrkja undirstöðurnar og stuðla að jákvæðri reynslu sem ýtir undir áhuga og frumkvæði. Það gefi börnum styrk til að takast á við krefjandi og ögrandi verkefni.

Í rannsóknum hefur komið í ljós að stuðningur fjölskyldunnar er mikilvægur fyrir lestrarnám barnsins. Samskipti, sögulestur og reynsla barna af rituðu efni eflir þau og hefur veruleg áhrif á lestrarnámið (Hannon, 2006, bls. 100 - 111). Viðhorf, áhugi, geta og notkun fjölskyldunnar á rituðu efni hefur áhrif á nám og viðhorf barna til lesturs. Í rannsókn sem Sigríður Þ. Valgeirsdóttir (1993, bls. 64) gerði um læsi íslenskra barna kemur fram að heimilisaðstæður skipta miklu máli í lestrarfærni barna. Í rannsókninni kom það fram að á heimilum þar sem mikið var til af bókum og dagblöðum stóðu börn betur að vígi þegar kom að lestri. Það kom einnig fram að það skipti máli að börn horfðu ekki úr hófi fram á sjónvarp og myndbönd. Cecil (2011, bls. 324) segir í bók sinni *Striking a Balance* að börn sem lesið er fyrir standi sig betur þegar kemur að lestri. Foreldrar geta því hjálpað barni sínu með því að lesa fyrir það. Ef foreldrar lesa fyrir barnið skilar það sér á þjá vegu; barnið mun sjá að yndislestur er skemmtilegur og það skapar góðar minningar með foreldrum sínum. Það lærir málið og heyrir hvernig það er með því að hlusta á taktinn og hljómfallið. Það mun skilja tilganginn með lestrinum og lesskilningur eflist.

Gunn, Simmons og Kameenui (1995) hafa sýnt fram á að læsisríkt umhverfi er mikilvægur þáttur þegar börn tileinka sér læsi. Gott aðgengi að ritmáli stuðlar að þróun læsis hjá börnum og hefur jákvæð áhrif á til dæmis hlustunarskilning, bókstafsþekkingu, hljóðkerfisvitund, orðalestur og eflir vitund um prentmál. Þau segja einnig að lestur bóka sé þáttur í örvun bernskulæsis. Börn læri um hlutverk ritmáls í bókum sé lesið fyrir þau. Í lestrinum læra börn um uppbyggingu sögu og sjónræna uppbygginu prentmáls. Þannig að barnið veit að texti er lesinn frá hægri til vinstri og að sagan byrjar efst og endar neðst.

Í rannsókn Ágústu Pálsdóttur um lestur í íslenskum fjölskyldum kemur fram að lestraráhugi mótast strax í barnæsku. Flestir sem höfðu áhuga á að lesa þegar þeir voru börn höfðu líka áhuga á því þegar þeir fóru að eldast. Fram kom að börn sem hafa

margvísleg áhugamál eru oft áhugasamari að lesa. Þeir sem lesa ekki mikið í dag, gerðu það ekki heldur sem börn (Ágústa Pálsdóttir, 1997, bls.13 - 19).

Mikilvægt er að efla áhugahvöt nemenda í skólanum og að skólinn og skólastofan skapi umhverfi sem hvetur nemendur til að lesa. Með því að lesa upphátt og hvetja nemendur til að segja frá bókum sem þeir hafa lesið og hvernig þeirra upplifun var getur kennari aukið áhuga þeirra. Kennarar verða einnig að vera meðvitaðir um hvaða bækur eru vinsælar hverju sinni og kynna sér hvað nemendur þeirra eru að lesa. Ef kennari sýnir áhuga á því sem nemendur eru að fást við nær hann betur til þeirra. Börn og unglingar eru næmir og skynja það vel ef áhugi kennarans er uppgerð, þannig að mikilvægt er að setja sig vel inn í efnið af alhug (Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir, 2007, bls. 23 – 24). Í öllum skólum er nauðsynlegt að hafa gott aðgengi að bókum, það eykur lestraránægju og hún skilar nemendum með betri lesskilning út í samfélagið (Brynhildur Þórarinsdóttir, 2006, bls. 38).

### 3.4 Tilgangur lestrarnáms

Tilgangur þess að læra að lesa er að auðvelda okkur að taka þátt í samfélaginu, auka færni til upplýsingaöflunar og til ánægju. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* segir að góð lestrarfærni sé undirstaða ævináms og til að geta aflað sér rétttra upplýsinga og taka þátt í lífi og menningu þjóðarinnar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 99). Að hafa öðlast góða færni í að skilja og nota ritmál er ekki bara undirstaða undir nám heldur lykilhlutverk á flestum sviðum í daglegu lífi (Freyja Birgisdóttir, 2010). Í þjóðfélagi þar sem ríkir lýðræði er nauðsynlegt að geta tekið þátt í umræðum af ýmsu tagi. Þar er móturmálið mikilvægasta samskiptatækið. Að geta tjáð sínar skoðanir í námi, starfi, einkalífi og félagslífi er nauðsynlegt. Þeir sem eru sterkir í framsögn og samræðutækni eru færari um að taka þátt í umræðum um samfélagið og geta miðlað þekkingu sinni á auðveldan hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 98).

Börn læra með því að hlusta. Sex ára börn hafa þegar lært ýmislegt í móturmálinu, þau kunna til dæmis á beygingar, föll, tölu og fleira í málfræði. Það hafa þau lært meðal annars með því að hlusta á aðra og tala. Þessi kunnátta bætir lesturinn, þau læra orð af blaði og tengja við sína þekkingu og reynslu. Með hjálp textans stækkar

veröld barnsins því í gegnum hann getur barnið upplifað atburði, kynnst fólki og skoðað staði (Hafsteinn Karlsson, 2005, bls. 8).

Með því að lesa bók upplifir lesandinn atburði á annan hátt. Þegar fólk les sér til yndis er lesturinn oft kallaður yndislestur. Flestir eru sammála um að það sé eitthvað sem enginn ætti að fara á mis við. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* segir að menningararfur okkar hér á landi sé að miklu leyti bundinn bókum. Í bókmenntum kynnst nemendur menningararfinum. Þar finnur ungt fólk sér fyrirmyndir og lærir að setja sig í spor annarra. Að lesa bækur stuðlar að sterkari sjálfsmynd nemenda og kennir umburðarlyndi í garð minnihlutahópa og ólíkra samfélaga (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 98). Lestur bóka eflir lesskilning og eru skýr tengsl þar á milli (Almar Halldórsson, 2006, bls. 26). Eins og fram hefur komið eykur lestur einnig orðaforða og kveikja þarf lestraráhuga hjá börnum og fá þau til þess að njóta þess að lesa.

### 3.5 Samantekt

Börn eru oftast byrjuð að læra að lesa áður en þau byrja í grunnskóla. Þróun bernskulæsis hjá börnum byrjar snemma og fléttast saman við þróun máls. Mikilvægt er að börn nái tökum á að leika sér með málið áður en eiginlegt lestrarnám hefst. Góður málproski og málörvun í leikskóla skiptir miklu máli því þar er lagður grunnur að því sem koma skal. Meðan börn eru að læra málið er mikilvægt að þau hafi ríkuleg samskipti við aðra því máltakan er samspil umhverfis og líffræðilegra þátta.

Tilgangur þess að læra að lesa er að auðvelda okkur að taka þátt í samfélaginu. Gera börn færari um að afla sér upplýsinga og ekki síst til ánægju. Lestarfærni er undirstaða ævináms, til að geta aflað sér réttra upplýsinga og til að geta tekið þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.

Stuðningur fjölskyldunnar er mikilvægur fyrir lestrarnám barnsins. Þess vegna skipta heimilisaðstæður miklu máli hvað varðar lestarfærni barna. Á þeim heimilum þar sem mikið er til af bókum og dagblöðum standa börn gjarnan betur að vígi þegar kemur að lestri. Þess vegna er læsisríkt umhverfi mikilvægt til að börn eigi auðveldara með að tileinka sér læsi og læsisvitund. Með því að lesa fyrir börn eru þau örvuð til læsis. Þau læra til hvers texti er í bókum og hvernig hann er byggður upp. Að texti byrjar efst og endar neðst á síðunni. Einnig að lesið er frá vinstri til hægri. Í sameiningu þurfa foreldrar

og kennarar að byggja góðan grunn í lestrarnámi barna. Þeir þurfa að stuðla að jákvæðri reynslu, efla áhuga og frumkvæði þeirra. Í næsta kafla er fjallað um samvinnu heimilis og skóla í námi barna og mikilvægi heimalesturs.



## 4. Samvinna heimilis og skóla

Hér á eftir verður fjallað um mikilvægi þátttöku foreldra í námi barna sinna. Löng hefð er fyrir heimanámi á Íslandi en skiptar skoðanir eru um gagnsemi þess. Sagt er frá tilgangi heimalesturs og ábyrgð skóla hvað varðar lestrarnám barna. Fjallað er um hvaða leiðir foreldrar geta nýtt sér og hvert hlutverk þeirra er í heimanámi barna sinna. Einnig er komið inn á leiðir sem foreldrar geta farið ef þeir eru ekki færir um að aðstoða börn sín við heimalestur. Þá er farið í mikilvægi lestrarhvatningar og gerðar tillögur um lestrarhvetjandi leiðir. Að lokum er talað um stafrænar námsleiðir sem bæði kennarar og foreldrar geta notað.

### 4.1 Hlutverk og samstarf heimilis og skóla

Ábyrgð skólans hvað varðar lestrarnám er mikil og framfarir í lestri má meðal annars rekja til færni kennara og því hvernig skólinn hagar lestrarkennslu.

Þeir kennarar sem kenna lestur eru án efa sammála um að tilgangur kennslunnar sé að gera nemendur að sjálfstæðum lesendum. Hægt er að kenna lestur á ýmsan hátt og til eru margskonar lestrarkennsluaðferðir. Athuganir hafa sýnt að þær aðferðir sem kennarar nota taka mið af viðhorfum og gildum viðkomandi kennara, einnig fléttast inn í þær starfskenningar sem viðkomandi aðhyllist (Þóra Kristinsdóttir, 2009, bls. 9).

Með því að hvetja barnið og virkja það til þátttöku í þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni verður það oftast athafnasamt, einbeitt og forvitið. Með þátttöku sinni eykur barnið færni, getu og þekkingu. Sjálfstraust eykst og hvatinn til að takast á við ný og krefjandi verkefni verður meiri. Til að viðhalda áhuga og löngun til lestrar verða nemendur að hafa aðgang að fjölbreyttu efni sem er bæði áhugavert og passlega krefjandi. Það er ekki alltaf auðvelt að finna passandi efni, sérstaklega fyrir þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér lestur. En ef vel tekst til skilar það góðum árangri, færni eykst og líkurnar á að nemendur lesi meira aukast. Að geta lesið er ekki meðfæddur eiginleiki heldur þarf að læra það og þjálf. Fyrir suma er það lítið mál en getur verið mjög erfið reynsla fyrir aðra. Enginn efast um að góð færni í lestri eykur lífsgæði, ekki bara hvað varðar náms- og atvinnumöguleika heldur einnig í lífinu öllu. Lestarfærni er því mikilvægur áhrifavaldur hvað varðar lífsgæði manna. Í lestrarkennslu

þarf að kenna mikilvæga undirstöðufærni og er stefnt að allir nemendur nái tókum á henni. Það þykir ekki gott í nútímasamfélagi að nemendur útskrifist úr grunnskóla án viðunandi færni í lestri. Í kennslunni þarf þess vegna að huga vel að hverjum og einum með viðeigandi námsefni og kennsluaðferðum (Steinunn Torfadóttir, 2011, bls. 13 og 101).

Í grein sinni *Kennarinn sem rannsakandi* segir Hafþór Guðjónsson að kennsla sé vandasöm, sérstaklega ef kennarinn ætlar að ná til nemenda og hreyfa við þeim en ekki bara að komast yfir námsefnið. Kennari þarf að fá nemendur til að velta fyrir sér og ígrunda hluti, hann þarf að beina athygli sinni að nemendum og finna út hvað þeir eru að hugsa og hvernig þeir skilja námsefnið. Kennarinn þarf líka að hafa það í huga að koma efninu þannig til nemenda að þeir læri það ekki bara til prófs heldur tileinki sér það til framtíðar (Hafþór Guðjónsson, 2011, bls. 11).

Nanna Kristín Cristiansen talar um samskipti og samstarf í bók sinni *Skóli og skólaforeldrar*. Þar kemur fram að menntun og velgengni nemenda sé verkefni heimila og skóla í sameiningu. Mikilvægt sé því að virðing, traust, ábyrgð og miðlun upplýsinga sé gagnkvæm á báða bóga. Þar kemur einnig fram að í lögum og *Aðalnámskrá* hafi samstarf kennara og foreldra þó nokkuð vægi í skólastarfinu. Skólinn ber ábyrgð á að samstarf sé virkt, en í lögum um grunnskóla segir að skólinn eigi að beita sér fyrir góðu samstarfi við heimilin. Markmiðið eigi að vera að tryggja nemendum gott skólastarf, almenna velgengni og traust. Í lögnum er lögð áhersla á að foreldrar taki þátt í skólastarfinu og að þeir eigi að gæta hagsmuna barna sinna. Þeir eiga að hafa tækifæri til að taka þátt í starfinu í skólanum og talað er um mikilvægi samvinnu heimila og skóla. Nanna segir að ekki sé alltaf gerður greinarmunur á samstarfi og samskiptum í skólastarfinu enda sé ekki alltaf auðvelt að finna mörkin þar á milli. Oft eigi fólk í samskiptum án þess að um samstarf sé að ræða. Samstarf er flóknara en samskipti og reynir meira á samvinnu þeirra sem hlut eiga að máli. Til þess að samstarf geti orðið verður að eiga sér stað gagnkvæmt traust, virðing og jafnrétti beggja aðila og verða þeir að sjá sér hag af því að vinna saman. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að það er munur á þessu tvennu og segir Nanna að meginatriði samstarfs foreldra og skóla sé í þremur þrepum. Á því fyrsta séu gefnar upplýsingar, á öðru séu samræður og á því

þriðja nái samstarfið markmiði sínu með aðkomu og sameiginlegri ákvörðun foreldra (Nanna Kristín Christiansen, 2010, bls. 68 – 83).

Í *Íslenska fyrir 1. og 2. bekk – Handbók kennara* er talað um að samstarfi heimila og skóla sé hægt að skipta í þrjá meginhluta: Það starf sem snýr að skólanum í heild. Samstarf foreldra og kennara sem snýr að bekknum. Samstarf milli kennara og foreldra sem snýr eingöngu að nemandanum sjálfum eins og heimanám, líðan, framfarir og námsmat. Samvinnuna er hægt að framkvæma á mismunandi hátt t.d. með tölvupóstum, miðum og foreldraviðtölum (Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Sif Stefánsdóttir, 2009, bls. 17).

Ekki eru allir sammála um hvort eigi að hafa heimanám fyrir yngstu nemendurna og hvaða form á að hafa ef heimavinna er einhver. En ef um heimavinnu er að ræða verður kennari að vera meðvitaður um hversu langan tíma heimavinnan tekur hjá viðkomandi nemanda. Gott er að miða við 10 – 15 mínútur. Heimavinnan á fyrst og fremst að vera eitthvað sem þjálfar og festir betur í minni eitthvað sem áður hefur verið kennt en ekki eitthvað nýtt sem þarf að kenna barninu. Nám ungra barna er samkvæmt skilgreiningu skólans á ábyrgð foreldra og kennarans. Eru þessir aðilar því í nánú samstarfi og er það hlutverk kennarans að upplýsa foreldrana um stöðu barna þeirra. Einnig að veita þeim upplýsingar og aðstoða við að finna aðferðir til að örva börn sín (Halldóra Haraldsdóttir, 2009, bls. 31).

Þess má geta að Landsamtökin heimili og skóli gerðu samning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um að búa til læsissáttmála fyrir foreldra þar sem meginmarkmið voru að: Efla lestrarfærni með þátttöku foreldra og stuðla að aukinni lestrarþjálfun heima. Gera foreldra meðvitaða um þá ábyrgð sem þeir bera á læsi barna sinna og auka samstarf foreldra og skóla um læsinnám barna (Heimili og skóli, e.d.).

Í skólanum er mikilvægt að finna allar mögulegar leiðir til að auka áhuga barna á bókum og lestri, því þótt flest börn séu spennt að læra að lesa er ekki hægt að ganga út frá því að öll börn séu það. Ekki er hægt að ganga út frá því sem vísu að öll börn alist upp við að lesið sé á heimilum þeirra eða að bækur séu sýnilegar. Ekki er lesið fyrir öll börn og eru allskonar aðrar leiðir farnar við upplýsingaöflun á heimilum en lestur bóka. Kennarar geta notað ýmis ráð við að efla áhuga nemenda sinna. Dagleg lestrarstund þar sem kennari les framhaldssögu er góður siður, það kennir börnum að hlusta með athygli,

eykur orðaforða og skilning. Sögur geta verið uppspretta ýmiss konar umræðu og getur því upplestur orðið góð lífsleiknikennsla. Í mörgum skólum er yndislestur, en þá lesa allir bækur að eigin vali bæði starfsfólk og nemendur. Þegar allir taka þátt horfa nemendur á fullorðna lesa og skapar það þeim gott fordæmi. Áhugi þeirra á bókum eykst og þeir fá meiri tíma til að lesa sér til ánægju. Í öllum kennslustofum ætti að vera bókahorn þar sem börn geta sest niður og lesið t.d. ef þau klára verkefni snemma eða þurfa af einhverjum ástæðum að fá að vera í næði (Ragnheiður Gestsdóttir, 2009, bls. 81 – 82).

## 4.2 Tilgangur heimalesturs

Eins og komið hefur fram hér að ofan hefur heimalestur jákvæð áhrif á framfarir í lestrarnámi og skiptir þátttaka foreldra miklu máli hvað þetta varðar. Samstarf heimilis og skóla er því mikilvægt að rækta og sinna af alúð.

Þegar nemendur hafa náð ákveðinni kunnáttu í lestri eru þeir oftast sendir heim með bækur til að lesa heima og æfa sig þar fyrir foreldra. Oft er farið fram á að textinn sé lesinn endurtekið, það er að segja nemendur lesi sama texta tvisvar til þrisvar sinnum. Það er byggt á þeirri þekkingu að orð varðveitast í minni þess sem les. Með því að endurtaka lesturinn festast orðmyndirnar eða einstakar beygingarmyndir orðanna í langtímaminninu og þannig byggist upp sjónrænn orðaforði. Lesandinn sækir svo orðmyndirnar sem hann hefur í langtímaminni sínu þegar hann sér þær á prenti, kann orðið og veit hvað stendur. Börn hafa ekki alltaf gaman af þessum endurtekningum, þau skilja ekki tilganginn og markmiðið með því að lesa sama textann oft. Það þarf ekki endilega að lesa aftur og aftur allt í einu heldur er ágætt að lesa einu sinni og taka sér hlé og brjóta upp, lesa svo aftur þegar barnið er tilbúið (Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, 2014, bls. 30).

Flest börn eru áhugasöm og finnst spennandi að byrja að læra að lesa, en það er ekki hægt að gera ráð fyrir að það gildi um þau öll. Það þarf einnig að viðhalda þeim áhuga sem er til staðar og ekki er víst að áhuginn haldist ef ekki er reynt að gera lestur áhugaverðan. Verður að leita allra leiða til að auka áhuga barnanna á því að lesa, skoða bækur og viðhalda lestraránægjunni (Ragnheiður Gestsdóttir, 2009, bls. 81).

Guðrún Edda Bentsdóttir (2009, bls. 30 - 31) talar um að heimaverkefni í lestri verði að vera auðveld og þau taki ekki lengri tíma en 10 -15 mínútur. Hún segir að með

Því að leiðbeina foreldrum um aðferðir sem þeir geta nýtt við heimalesturinn og skráningu á honum sé hægt að auka árangur nemenda í heimanámi. Í bókinni *Íslenska í 1. og 2. bekk. Handbók kennara* kemur einnig fram að æskilegt sé að kennarar leiðbeini foreldrum til þess að réttar aðferðir séu notaðar. Þar má finna blað með ráðum sem kennarar geta sent heim til foreldra. Eftirfarandi ráð eru gefin upp: Að nota lestrarbók við hæfi barnsins, barnið lesi dag hvern í stutta stund, barnið les og fullorðinn hlustar, lesa til skiptis barn og fullorðinn ef barnið á erfitt með lestur og mikilvægt er að ræða efni textans og útskýra orð sem barnið skilur ekki (Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Sif Stefánsdóttir, 2009, bls. 17).

Í orðræðu samfélagsins er talað um hversu mikilvægt er að nemendur sem eru að byrja að lesa, lesi reglulega heima með aðstoð foreldra sinna. Almennt eru menn sammála um að það skipti öllu máli hvað varðar framgang þeirra í lestri. Rannsóknir sem gerðar hafa verið styðja þetta. Í þeim hefur komið fram að þátttaka foreldra í lestrarnámi barna skipti miklu máli og vega þyngra en þættir eins og menntun foreldra eða félagsleg staða. Einnig sýna rannsóknir að jákvæðar framfarir í lestri megi rekja til góðrar kennslu og færni grunnskólakennara. Þetta segir okkur að ekki er vafi á að bæði foreldrar og kennarar hafa mikil áhrif og til að tryggja lestrarfærni barna er mikilvægt að samstarf þessara aðila sér gott (Nanna Kristín Cristiansen, 2010, bls.126). Að þessu sögðu má sjá að ábyrgð skólans og heimilanna er mikil og samvinna þar á milli getur ráðið miklu um framtíð einstaklingsins.

### 4.3 Hlutverk og leiðir foreldra

Flestir eru sammála um að fjölskyldan mótar barnið hvað mest. Er þetta ekki síst vegna þess að nánasta fjölskylda er með barninu frá byrjun (Álfhildur Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1995, bls. 126). Þeirra hlutverk í lestrarkennslu er að styðja við bakið á barni sínu í náminu. Eins og fram hefur komið er lestur stór þáttur í öllu námi barnsins og mikilvægt er að það sé vel undirbúið þegar það hefur sitt lestrarnám. Þannig aukast líkurnar á að lestrarnámið verði auðvelt, skemmtilegt og áhugavert. Fram kemur í bókinni *Striking a Balance* (2011, bls. 315) að allir kennarar vona að bakland nemenda sé gott. Rannsóknir segja að þegar baklandið er sterkt eigi nemendur jafnan auðveldara með að læra að lesa og skrifa en þegar þeir fá lítinn stuðning heima fyrir. Þá talar Cecil um að

eldri rannsóknir sem hafa verið gerðar sýni að samband sé á milli þess að börn þeirra foreldra sem lesa með og fyrir þau standa betur að vígi í lestrarnáminu. Það er ekkert sem er nýtt af nálinni en því miður segja rannsóknir líka að foreldrar hafi ekki alltaf verið duglegir að fylgja því eftir. Gæti það stafað af því eins og McCoy og Cole (2011, bls. 2) segja að rannsóknir hafi sýnt að stór hluti foreldra er ekki meðvitaður um þátt sinn og mikilvægi í námi barna sinna. Þannig hafi þeir takmarkaðan skilning á hlutverki sínu í námi þeirra.

En hlutverk foreldra byrjar þegar barn fæðist eða jafnvel fyrr. Með því að tala við barnið fær það örvun frá foreldum sínum (Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal, 1995, bls. 24). Erna Árnadóttir (2000, bls. 65) segir að börn eigi auðvelt með að læra orð sem tilheyra þeirra daglega lífi. Þegar kemur að því að málið verður flóknara skipta uppeldisaðstæður máli og hafa þær áhrif á hversu mikill orðaforði þeirra er. Þar skiptir aðkoma þess fullorðna máli og hversu duglegur hann er að tala við barnið, lesa fyrir það og örva það til máls. Það getur aukið orðaforða barnsins að tala við fullorðna manneskju, en ef sá fullorðni hefur lítinn orðaforða getur orðaforði barnsins orðið einsleitur. Barnið lærir að tala með því að heyra talað mál og með því að tala sjálf en líka með því að talað sé við það.

Allir foreldrar ættu að lesa fyrir barnið sitt. Lestur eflir málþroska og barnið fær betri tilfinningu fyrir málinu og einnig eykur það orðaforða hjá því. Þegar börn lesa mikið, og það hefur verið lesið mikið fyrir þau, standa þau sig flest betur í náminu. Flestir foreldrar geta lesið sögur fyrir börnin sín. Þeir eiga ekki að þurfa að fá sérstaka þjálfun til þess. Foreldrar ættu að byrja snemma að lesa fyrir barnið sitt því þannig þjálfast barnið í því að hlusta þó það skilji ekki allt sem sagt er. Þó að börn þeirra eldist og læri sjálf að lesa eiga foreldrar engu að síður að lesa fyrir börn sín eins lengi og þau vilja hlusta. Það auðveldar börnunum allt nám og foreldrar ná að eiga gæðastund með börnum sínum. Lestur góðra bóka felur einnig í sér mikið skemmtanagildi bæði fyrir börnin og foreldra þeirra (Erna Árnadóttir, 2000, bls. 66).

Eins og fram hefur komið var gerður þjóðarsáttmáli um læsi til þess að leysa læsisvanda sem Íslendingar standa frammi fyrir. Þar kemur fram að það þurfi að ýta undir viðhorf til lesturs í þjóðfélaginu og eru nemendur hvattir til að lesa sér til ánægju utan skóla. Þar segir einnig að það þurfi að virkja foreldra til að vekja áhuga á

lestri og styðja við lestrarnám barna sinna (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2015, bls. 31).

Í lestrarkennslunni gegna heimilin lykilhlutverki. Mjög mikilvægt er að foreldrar lesi fyrir börnin sín (Mennta og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 29). Styður Cecil (2011, bls. 323 – 324) við þetta í bók sinni *Striking a Balance* og segir hún að foreldrar geti hjálpað barninu sínu í lestrarnáminu með því að lesa með því og fyrir það. Þá segir hún að rannsóknir hafi sýnt að snemmbúinn lestur heima skili árangri á þrjá vegu, en fyrst og fremst sér barnið að lestur er skemmtilegur og það fær gæðastund með foreldri sínu. Einnig læra þau málið og hvernig það virkar. Þau heyra taktinn (mynstrið) í málinu og læra að nýta það í samskiptum. Börnin byrja að skilja tilgang með lestrinum og búa til sinn eigin skilning á setningum, sögunni og bókinni allri. Á heimilum þar sem börn eru ætti læsi að vera sýnilegt og gott væri að hafa bækur í öllum herbergjum. En það er hægt að nota annað en bækur til að lesa. Til dæmis eru morgunkornspakkar, skilti, auglýsingar og annað sem finnst inni á heimilum eða í umhverfi barnsins vinsælt til lestrar. Þá eru til ýmis spil sem hægt er að spila með barninu eða búa til leik með því að finna ákveðinn staf í texta. Foreldrar geta farið ýmsar leiðir til að undirbúa og efla barnið í lestrarnáminu. Til dæmis er söngur og að klappa í takt tilvalin leið. Þeir þurfa bara að láta hugann reika og vera óhræddir að nota hugmyndir sínar

### **4.3 Þáttur foreldra í heimanámi**

Löng hefð er fyrir heimanámi og hér á landi má rekja upphaf hennar til uppfræðslu presta fyrr á öldum. Þá sáu prestar um uppfræðsluna í samstarfi við heimilin og því má gera ráð fyrir að heimanám sé jafngamalt þeirri fræðslu. Uppfræðsla presta lagðist smátt og smátt af þegar lög um almenningsmenntun urðu að veruleika með fræðslulögum árið 1907. Tryggðu þessi lög öllum börnum á aldrinum 10 – 14 ára á Íslandi ókeypis menntun. Samkvæmt þeirri löggjöf var lágmarks kennslutími ekki minni en tveir mánuðir á ári og náði skólaskyldan yfir 10 – 14 ára börn. Áttu foreldrar að sjá til að 10 ára börn þeirra kæmu læs og skrifandi í skólann. Árið 1936 var skólaskylda færð niður í sjö ára aldur og um leið var fræðsluskyldan aflögð (Loftur Guttormsson, 2008, bls. 80 - 82 og 284).

Eins og segir hér að ofan er hefðin fyrir heimanámi löng. Í dag er algengt að börn fái heimanám. Samkvæmt 18. gr. laga um grunnskóla segir að foreldrum sé skylt að sjá til þess að börn þeirra sinni heimanámi sem skólinn ákveður. Einnig að frístundastarf og annað starf utan skólans komi ekki niður á námi barnanna. Nanna Kristín Christiansen (2011, bls. 126 – 127) segir að þannig sé lítið á að kennarar hafi rétt til að ráðstafa hluta af tíma fjölskyldunnar í verkefni tengd skólanum og að foreldrar taki við fyrirmælum frá kennurum. Hún segir einnig að það sé oft erfitt að breyta ríkjandi hefðum. Það séu ekki aðeins kennarar sem hafa væntingar um heimanám heldur lítur meirihluti foreldra á að heimanám sé mjög mikilvægt. Þannig hafa sumir kennarar sem hafa kosið að draga úr heimanámi mætt andstöðu foreldra. Í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) segir að foreldrar beri ábyrgð á námi barna sinna og þeim beri að fylgjast með námsframvindu þeirra. Einnig kemur fram að foreldrar eigi að fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins og almennt í skólastarfinu.

Skiptar skoðanir eru á heimanámi barna. Má segja að annað hvort sé fólk með eða á móti heimanámi. Vatterott (2009, bls. 9) líkir heimanámi við trúarbrögð. Hann segir að þeir sem eru fylgjandi heimanámi sýni því mikla virðingu og margir kennarar vilji ekki afnema heimanám. Hann segir einnig að hæfilegt heimanám geti stutt við og auðgað nám og geti nemendur þannig víkkað þekkingu og hæfileika sína með vinnu við heimanámsverkefni (Vatterott, 2009, bls.158). Cooper (2007, bls. 8 - 9) segir að hjá nemendum sem hafa heimanám komi námsárangur fljótlega í ljós. Það hafi áhrif á skilning, gagnrýna hugsun og að hugtakaskilningur aukist. En einnig geti heimanám haft neikvæð áhrif eins og til dæmis að börn missa áhugann á náminu og að andleg og tilfinningaleg þreyta geti gert vart við sig. Hann segir að nemendur geti orðið fyrir miklum þrýstingi um að ljúka við heimaverkefni og samskipti verði neikvæð milli foreldra og barna. Nanna Kristín Christiansen (2011, bls. 126 – 127) er algjörlega á móti því að nemendur þurfi að eyða sínum frítíma í heimanám. Hún segir að áður fyrr þegar skólinn var ekki nema tveir til fjórir klukkutímar á dag hafi verið full þörf á heimanámi. En með tíð og tíma hefur skóladagur nemenda lengst og flestir foreldrar vinna utan heimilis og því hefur fjölskyldan takmarkaðan tíma saman. Þennan stutta tíma sem fjölskyldan á saman ætti nemandinn að fá að nýta í annað en heimanám. Á þessum tíma þurfa foreldrar að sinna heimilinu, fjölskyldu og er þetta oft sá tími sem fjölskyldumeðlimir nota til að stunda



sí­nar tó­mstun­dir. Margrét Pála Ólafsdóttir (2015, bls. 81) segir að heimanám get rýrt lífgæði fjölskyldna ef það er í of miklum mæli. Það geti haft neikvæð áhrif á fjölskyldulíf og valdið streitu og ergelsi á heimilum að loknum löngum vinnu- og skóladegi. Kohn (2006a, bls. 37 – 39) segir að það séu engar sannanir fyrir því að heimanám bæti námsárangur nemenda þrátt fyrir áratuga rannsóknir. En hann segir, þrátt fyrir sína afstöðu til almenns heimanáms, að niðurstöður rannsókna á heimalestri séu ótvíræðar í þá átt að það bæti árangur í lestri að lesa heima. Að hans mati ætti heimalestur að vera eina heimanámið hjá grunnskólanemendum (Kohn, 2006a, bls.175 – 177). Í óbirtri M.ed ritgerð sem Sigurlaug Elva Ólafsdóttir (2010) skrifaði kemur fram að kennarar líti á heimanám sem góða leið til að þjálfa ákveðna þætti. Þá fyrst og fremst í stærðfræði, lestri og stafsetningu. Nanna Kristín Christiansen (2011, bls. 129) segir að rannsóknir sýni að almennt hafi heimanám takmörkuð áhrif á námsárangur nemenda og aðeins í vissum tilvikum bæti það námsárangur. Þá einkum hjá nemendum sem eiga við námsörðugleika að stríða. Styður Kohn (2006b) þau rök hennar og segir að erfitt sé að finna rannsóknaniðurstöður sem sýna aukinn námsárangur af heimanámi, nema þá lestri.

Fræðimenn eru almennt sammála um að heimalestur auki árangur í lestri. Nanna Kristín segir í bók sinni *Skóli og skólaforeldrar* að mikilvægt sé að nemendur lesi reglulega heima með foreldrum sínum. Oft er litið á að það hafi úrslitaáhrif á framfarir í lestrarnáminu. Stuðningur foreldra og hvatning skilar jákvæðum árangri í lestrarnámi og eru áhrif foreldra og kennara óumdeild. Gott samstarf á milli þeirra ætti að vera árangursríkasta leiðin til að tryggja lestrargetu barna. Foreldrum gefst tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna með heimalestri og bera ábyrgð á námsframförum (Nanna Kristín Christiansen, 2011, bls.128).

#### **4.4.1 Stuðningur við foreldra**

Kennarinn þarf að hafa í huga að aðstæður heima hjá nemendum eru mismunandi. Margar milljónir manna í heiminum eru illa læs eða ólæs af ýmsum ástæðum. Sumir foreldrar eru með lesblindu, aðrir búa ekki í sínu heimalandi og hafa ekki tungumálið sem það býr við sem móðurmál. Aðrir hafa alist upp í þeim aðstæðum að þeir hafa ekki haft tækifæri til náms. Getur það haft þau áhrif að foreldrar eigi í erfiðleikum með að

hjálpa barninu í náminu (Cecil, 2011, bls. 317). Eins og fram hefur komið bera foreldrar ábyrgð á námi barnsins síns. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* kemur fram að foreldrar eigi að gæta hagsmuna barna sinna og stuðla að því að þeir stundi námið (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 70). Því er upplýsingagjöf og samráð milli foreldra og kennara mikilvæg fyrir árangursríkt skólastarf (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 45). Þá segir Nanna Kristín Christiansen (2011, bls. 218) í bók sinni *Skóli og skólaforeldrar* að kennarar þurfi að vera vakandi fyrir foreldrum sem ekki eru færir um að aðstoða börn sín við lestrarnámið, því það hefur komið fram að sá hópur foreldra hefur síður frumkvæði að samskiptum við skólann. Kennarar ættu að leggja áherslu á að efla þessa foreldra og mæta þeim á jafnréttisgrundvelli. Börn þessa fólks njóta enn frekar góðs af samstarfi milli heimilis og skóla ef tekið er tillit til þarfa þeirra og foreldranna. Við þetta styðja Vandergif og Greene (1992) og segja að það þurfi að mæta foreldrum þar sem þeir eru staddir. Það þarf að meta þarfir þeirra, kynnast þeim og skapa kringumstæður til samskipta þar sem öllum líður vel og eru afslappaðir.

Í bókinni *Striking a Balance* kemur Cecil (2011, bls. 317 - 318) með dæmi um hvernig foreldrar sem ekki eru færir um að lesa geta hjálpað barni sínu á annan hátt en að lesa upp úr bók. En foreldrar þurfa að vera opnir fyrir því að segja frá ef aðstæður heima til lesturs eru ekki góðar. Kennarinn ætti að geta aðstoðað foreldra við að finna leiðir og tekið tillit til þess í námi barnsins. Foreldrar sem hafa ekki tæk á beinum lestri geta til dæmis skoðað myndir í bók með barninu. Ekki er verra ef barnið kann bókina utan að því þá er hægt að leyfa barninu að leiða samræður um bókina. Foreldrið hlustar á barnið og kemur með viðeigandi spurningar. Foreldrar geta sagt börnum sínum sögur, einnig geta þeir notað myndirnar í bókunum og sagt barninu sínu sögur út frá þeim. Þeir geta sungið fyrir barnið sitt, farið með ljóð, sagt fjölskyldusögur eða frá hefðum í fjölskyldunni einfaldlega með því að tala við barnið og hlusta á það.

## 4.5 Lestrarhvatning

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* kemur fram að í öllu námi, verkefnum og aðferðum sem notaðar eru í skólastarfi verði alltaf að hafa áhuga nemenda til hliðsjónar og taka mið af honum. Nám í grunnskóla á að taka mið af einstaklingseðli, hæfni, getu og áhuga hvers nemanda. Aðalhlutverk kennara er að sinna kennslu og uppeldislegum þáttum

nemandans en einnig að vekja og viðhalda áhuga þeirra og leiðbeina þeim á fjölbreyttan hátt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 21, 42, 44).

Fábreytni í kennsluaðferðum getur orðið til þess að hefta nemandann og haft þannig áhrif á námsgetu hans. Við skipulagningu kennslu þarf kennari að vera meðvitaður um innihald kennslunnar og einnig hvaða aðferðir hann er að nota. Námsumhverfið skiptir líka máli og þau markmið sem unnið er með. Nota þarf mismunandi leiðir til að ná þeim markmiðum sem stefnt er að. Virkja þarf nemendur þannig að þeir upplifi að þeir eigi þátt í að halda utan um nám sitt (Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Sif Stefánsdóttir, 2009, bls. 14 – 15).

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* segir að mikilvægt sé að nemendur öðlist sjálfstæði svo að smám saman fari þeir að geta valið sér lesefni við hæfi og eftir áhugasviði sínu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 99). Það þarf að leiðbeina nemendum þegar þeir eru að velja sér bækur svo lestextinn sé í samræmi við getu þeirra, efla lesskilning og almenna lestrarkunnáttu. Mikilvægt er að nemendur sjái tilgang með því að lesa því án hans er hætta á að löngunin verði engin og nemendur hætti að lesa (Símon Jóh. Ágústsson, 2000, bls. 171 – 181).

Ef nemendur eru áhugalausir gagnvart lestri er mikilvægt að reynt sé að finna allar mögulegar aðferðir til að efla áhugann og hvetja til aukins lesturs. Í rannsókn Heiðu Rúnarsdóttur þar sem hún skoðar lestrarvenjur ungs fólks kemur t.d. fram að áhugi fer minnkandi hjá nemendum á mið- og unglíngastigi á lestri. Þar kom einnig fram að hvetja þyrfti nemendur til að ræða saman um bækur og einnig að þörf væri á að sameinast um lestrarhvatningu (Heiða Rúnarsdóttir, 2011, bls. 71 – 72).

Eins og fram hefur komið er mikilvægt að samstarf við foreldra sé gott. Það á einnig við þegar skólinn ákveður að taka þátt til dæmis í samkeppnum eða lestrarátökum. Foreldrar geta þá aðstoðað og hvatt börn sín og stuðlað að jákvæðri hugsun og eflt áhuga þeirra. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að keppnir eru ekki fyrir alla og margir nemendur eru ekki færir um að taka þátt. Hér að neðan er fjallað um nokkrar lestrarhvetjandi leiðir sem farnar hafa verið hér á landi.

### 4.5.1 Upplestrarkeppnir

Stóra upplestrarkeppnin er keppni sem fer fram um allt land og eru það nemendur í 7.bekk sem taka þátt í henni. Fyrst keppir hver skóli og finnur keppanda til að senda í landshlutakeppni. Lesefnið er ákveðinn texti úr sögu og ljóð og eru nemendur hvattir til að vanda sig og lesa vel. Stóra upplestrarkeppnin er árlegur viðburður og fer alltaf af stað 16. nóvember sem er dagur íslenskrar tungu.

Litla upplestrarkeppnin er fyrir nemendur í 4.bekk og er uppbyggð eftir sömu hugmynd og sú stóra. En sú litla felur samt eingöngu í sér það markmið að ná betri árangri og keppa við sjálfan sig og tekur bekkurinn allur þátt (Ingibjörg Einarsdóttir, 2010, bls. 46 – 47).

### 4.5.2 Lestraráttak

Lestraráttak Ævars vísindamanns er hugmynd Ævars Þórs Benediktssonar en hann er leikari, metsölurithöfundur og stjórnandi vinsæls þáttar fyrir börn í Ríkissjónvarpinu. Ævar Þór er þekktur sem Ævar vísindamaður og er hann að eigin sögn bókaormur. Það er einmitt markmið áttaksins að búa til fleiri bókaorma.

Fyrsta lestrarátak Ævars var frá október 2014 – febrúar 2015 og var þetta tilraun til að vekja áhuga nemenda í 1. – 7. bekk á lestri.

Átakið er þannig uppsett að fyrir hverjar þrjár bækur sem lesnar eru fyllir nemandinn út lestrarmiða og skilar honum á skólabókasafnið í skólanum sínum. Allar bækur eru gjaldgengar og er valið alveg frjálst, skáldsaga, alfræði, skólabók og svo framvegis. Þykk eða þunn á íslensku eða öðru tungumáli, hljóðbækur og upplestur telst líka með.

Núna frá 1. janúar – 1. mars 2017 var þriðja átakið og í byrjun mars voru dregin fimm nöfn úr innsendum lestrarmiðum. Verðlaunin eru þau að þeir krakkar sem dregnir eru út fá að vera persónur í æsispennandi geimverubók eftir Ævar sem heitir *Gestir utan úr geimnum* og kemur hún út í apríl 2017 (Snorkur, 2015).

### 4.5.3 Bókakvöld

Nanna Kristín Christiansen talar um að hægt sé að skipuleggja bókakvöld til að auka áhuga nemenda og foreldra á bókum og að lesa. Kennarar, foreldrar og

bókasafnskennari skipuleggja kvöldið í sameiningu. Nemendur koma með foreldrum sínum á bókakvöldið. Þemastofur eru á bókakvöldinu t.d. spennusögur, ákveðnir bókaflokkar o.s.frv. Nemendur fara svo í stofur eftir því þema sem þau hafa áhuga á og njóta þess að lesa. Á meðan börnin lesa kynna kennarar fyrir foreldrum fyrirkomulag lestrarkennslu og kynna þeim leiðir til að auka læsi og lestraránægju barna þeirra (Nanna Kristín Christiansen, 2010, bls. 138).

#### **4.5.4 Fágæti og furðuverk**

Fágæti og furðuverk er efni sem sérfræðingar á Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri þýddu og staðfærðu úr ensku þróunarverkefni sem Maureen Lewis vann. Efnið er lestrarhvetjandi samstarfsverkefni heimila og skóla og er hugsað fyrir nemendur á aldrinum 9 – 11 ára.

Meginmarkmið verkefnisins er að efla áhuga nemenda í 4. bekk á að lesa. Sérstök áhersla er lögð á að ná til drengja sem geta lesið en eru áhugalausir eða eiga erfitt með lestur. Einnig er markmiðið að virkja og styðja við foreldra til að lesa með börnum sínum og skapa jákvæða upplifun af lestri á heimilinu. Verkefnið fer þannig fram að skólinn útbýr poka með bók eða annarskonar lesefni um ákveðið viðfangsefni fyrir barnið en einnig er samskonar efni sem hentar þeim fullorðna. Verkefni sem tengjast viðfangsefninu eru í pokanum og eiga nemendur og foreldrar að vinna þau í sameiningu. Aðra fylgihluti og samskiptabók er einnig að finna í pokanum. Nemendur taka svo pokana með sér heim og vinna í samvinnu við foreldra sína (Ingibjörg Auðunsdóttir, 2013, bls. 117 – 118).

#### **4.5.6 Stafrænt námsefni**

Til er margskonar kennsluefni á tölvutæku formi, sem hefur það markmið að efla læsi og lestur barna, sem bæði skólar og foreldrar hafa aðgang að. Hægt er að sækja mikið af góðum forritum til lestrarkennslu, jafnvel frítt, í gegnum internetið. Ingvar Sigurgeirsson (1999, bls. 57) segir í bók sinni að *Að mörgu er að hyggja* að mikilvægt sé að kennarar fylgist með þróun tölvuforríta til kennslu. Ingvar (1999, bls. 41) segir að fjölbreytni í kennslu sé mikilvæg vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir til að ná árangri í

náminu. Í skýrslu um þróunarverkefnið *Nýjar námsleiðir*, þar sem haft var að leiðarljósi að auka notkun spjaldtölva í kennslunni, sem Kelduskóli - Korpa tók þátt í, kemur fram að nemendur eru fljótir að tileinka sér tæknina og sköpun þeirra fær að njóta sín. Þar unnu nemendur með smáforrit á borð við Puttet Pals, Book Creator og Bitsboard (Marta Gunnarsdóttir og Rakel G. Magnúsdóttir, 2015). Í *Aðalnámskrá grunnskóla* segir að taka verði mið af nýjustu tækni og þekkingu í skólustarfi á sviði menntunar- og kennslufræða. Nota verði fjölbreytt námsgögn eins og til dæmis efni af Internetinu og margmiðlunarefni (Mennta- og menningamálaráðuneyti, 2013, bls. 49).

Menntamálastofnun gefur út námsefni fyrir börn samkvæmt markmiðum *Aðalnámskrár grunnskóla*. Segir á vef stofnunarinnar að hún kappkosti að efnið þar inni sé áreiðanlegt og skiljanlegt og nýtist til að styðja við námsárangur nemenda. Inni á vef Menntamálastofnunar er boðið upp á ýmsa vefi sem hafa það markmið að aðstoða nemendur á leið sinni til læsis (Menntamálastofnun, e.d.). Einnig má geta þess að á mörgum heimilum eru til spjaldtölvur eða snjallsímar sem foreldrar geta nýtt sér til að aðstoða börn sín í lestrarkennslu. Auðvelt er að hala niður smáforritum sem hafa það markmið að efla barnið í lestri. Veitir það foreldrum nýja möguleika á að taka þátt og styðja við nám barna sinna.

## 4.6 Samantekt

Foreldrum barna er skylt að sjá til þess að börn sinni heimanámi sem skólinn ákveður. Lengi hefur verið hefð fyrir heimanámi hér á landi og í dag er enn algengt að börn fái heimanám. Menn hafa skipst í tvær fylkingar um heimanám, annað hvort er fólk með eða á móti því. Þá hafa rannsóknir ekki sannað að heimanám bæti árangur nemenda, nema þá í heimalestri. Getur það haft úrslitaáhrif á framfarir í lestri að lesa heima. Til að viðhalda áhuga og löngun til lesturs verða nemendur að hafa aðgang að fjölbreyttu efni til að viðhalda áhuga og löngun til að lesa. Kennarinn þarf að hafa í huga að nemendur tileinki sér námsefnið. Rannsóknir hafa sýnt að mikilvægt er að hafa sterkt bakland í lestrarkennslu. Þær hafa einnig sýnt að samband er á milli þess að þau börn sem lesið hefur verið fyrir standa sig betur í lestrarnáminu. Þá þarf kennarinn að hafa það í huga að aðstæður eru mismunandi heima hjá nemendum. Sum börn eiga foreldra sem eru

ekki færir um að aðstoða þau í lestrarnáminu. Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir þessum hópi foreldra því hann hefur síður frumkvæði að samskiptum við skólann, verða þeir að efla þessa foreldra og mæta þeim á jafnréttisgrundvelli.

Hægt er að fara margar leiðir til þess að hvetja börn áfram og til að viðhalda áhuga og ánægju í lestri. Til er mikið af stafrænu efni sem bæði skóli og foreldrar geta nýtt sér í lestarkennslunni. Flestir hafa góðan aðgang að netmiðlum og auðvelt er að hala niður forritum sem stuðla að betri lestrarfærni. Enginn efast um að góð færni í lestri eykur lífsgæði, ekki bara hvað varða náms- og atvinnumöguleika heldur einnig í lífinu öllu.

## 5. Niðurstöður og umræður

Börn þurfa að æfa sig í lestri og hefur þátttaka foreldra góð áhrif. Jákvætt viðhorf getur ráðið miklu um árangur barna í lestri. Einnig hafa kennarar mikið að segja og er samvinna þarna á milli án efa það sem skilar bestum árangri. Þegar allir vinna saman að sömu markmiðum verður útkoman farsæl. Að ná góðri lestrarfærni auðveldar þátttöku í samfélaginu og lífinu öllu því gert er ráð fyrir að einstaklingurinn hafi getu til að lesa og skrifa. Einnig að hann geti tjáð sig, unnið með og túlkað þær upplýsingar sem hann hefur aflað sér.

Mikilvægt er að viðhafa fjölbreyttar kennsluaðferðir og sníða námið að þörfum hvers og eins nemanda. Námsfernið þarf að vera passlega erfitt og fjölbreytt. Nemendur þurfa að hafa aðgang að mismunandi tækni og kennarar þurfa að vera opnir fyrir nýjungum eins og til dæmis tölvum og veraldarvefnum í bland við bækur og ýmiss konar verkefni.

Foreldrar verða að vera meðvitaðir um að þeir bera ábyrgð á námi barna sinna og skiptir það miklu máli að þeir séu fyrirmyndir barna sinna. Þeir geta gert mikið til að undirbúa barnið fyrir lestrarnámið til dæmis með því að lesa fyrir það og eiga við það samræður. Lestur eflir málproskann, barnið fær betri málvitund og orðaforði eykst.

Mikilvægt er að foreldrar hætti ekki að vera meðvitaðir um hlutverk sitt þó að barnið teljist komið með góða færni í lestri, haldi til dæmis áfram að lesa fyrir það og vera góð fyrirmynd eins lengi og barnið vill hlusta. Því það auðveldar börnum námið og er ekki síður leið til að börn og foreldrar eigi saman ánægjulega stund.

Skiptar skoðanir eru á heimanámi barna en allir virðast þó vera sammála um að heimalestur sé nauðsynlegur. Það er barninu í hag að ná tökum á lestri eins fljótt og auðið er vegna þess að námið verður erfiðara eftir því sem á líður skólagönguna og kröfurnar um lestur og skilning verða meiri.

Samvinna heimilis og skóla er mikilvæg og ber skólinn ábyrgð á þeirri samvinnu. Markmiðið er að tryggja nemendum gott skólastarf, velgengni og traust. Skólinn verður að koma til móts við alla foreldra hvar sem þeir eru staddir og reyna að aðstoða þá eftir bestu getu.



Hægt er að styðja við nemendur í lestrarnáminu með því að viðhafa fjölbreyttar kennsluaðferðir og koma til móts við hvern og einn, því öll erum við misjöfn og ekki er hægt að steypa okkur í sama mót. Finna þarf leiðir sem henta hverjum og einum í náminu þannig að allir geti unnið á sínum forsendum. Við teljum að í okkar fjölmennigarlega samfélagi verði kennarar að gera ráð fyrir að ekki hafa allir foreldrar forsendur til að aðstoða börn sín. Ýmsar ástæður geta legið að baki. Ekki virðist vera mikið aðgengi að efni hvað þetta varðar, það virðist vera gert ráð fyrir að allir foreldrar séu færir um að sinna heimalestri í gegnum bækur. Ýmsar lausnir eru til og er hægt að koma til móts við þessa foreldra til dæmis með því að hvetja þá til að skoða myndir í bókum með börnum sínum og ræða saman um bókina. Hægt er að segja sögur og til eru forrit í tölvur sem foreldrar geta nýtt sér. Til að stuðla að árangursríkri samvinnu heimilis og skóla í lestrarnámi þurfa allir að stefna að sama markmiði. Samvinnan þarf að vera góð og mikilvægt er að finna leiðir sem henta hverju sinni. Skólinn ber ábyrgð á að samstarf sé þar á milli. Kennarinn sér um samskiptin og er mikilvægt að virðing, traust og miðlun upplýsinga milli allra aðila sé fyrir hendi. Þannig tryggjum við nemendum vellíðan og almenna velgengni.

Við gerð þessarar ritgerðar komumst við að því að til eru fjölmargar leiðir bæði fyrir foreldra og kennara til að efla nemendur til lesturs. En teljum við að þær fyrirmyndir sem börnin hafa og læsisríkt umhverfi sé besta hvatningin. Öll börn á Íslandi standa frammi fyrir því að þurfa að læra að lesa og er það stórt og mikið verkefni. Margir þættir hafa áhrif en með samstarfi heimilis og skóla eru meiri líkur á að árangur náist.

Þegar allt kemur til alls er mikilvægast að allir séu á sömu leið og góð samvinna sé á milli heimilis og skóla í lestrarnámi barna.

## Heimildaskrá

- Almar M. Halldórsson. (2006). *Lesskilningur og íslenskukunnátta 15 ára nemenda: Sérstaða Íslands og forspárþættir Niðurstöður PISA 2000 og samræmdra prófa.* Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt af [https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/11062/skyrsla\\_almar.pdf?sequence=1](https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/11062/skyrsla_almar.pdf?sequence=1)
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2011). *Skýrsla um máluhverfi og lestrarnám barna í tíu leikskólum. Mennta- og menningamálaráðuneytið.* Sótt af [file:///C:/Users/Svavar/Downloads/malumhv\\_leiksk\\_2011.pdf](file:///C:/Users/Svavar/Downloads/malumhv_leiksk_2011.pdf)
- Ágústa Pálsdóttir. (1997). *Lestur í íslenskum fjölskyldum.* Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum II.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal. (1995). *Barnasálfræði: frá fæðingu til unglings ára.* Reykjavík: Mál og menning.
- Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2010). Að byrja nógu snemma – markviss kennsla fyrir börn sem eiga í erfiðleikum með mál og lestur. *Talfræðingurinn*, 21(1), 20-22.
- Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). *Eflum lesskilning.* Reykjavík: Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir.
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (2006). „Bókaormafræði: Um barnabókmenntir í grunnskólum.“ *Skíma*, 29(2).
- Cecil, N. L. (2011). *Striking a balance: A comprehensive approach to early literacy.* (4.útg.). Arizona: Holcomb Hathaway.
- Cooper, H. (2007). *The battle over homework. Common ground for administrators, teachers and parents* (3. útgáfa). Thousand Oaks, CA: Corwin Press.
- Duke, N. K. og Kays, J. (1998). "Can I say 'once upon a time'?: Kindergarten children developing knowledge of information book language. *Early Childhood Research Quarterly*, 13(2), 295-318.

- Erna Árnadóttir. (2000). Skiptir það máli. Í Heimir Pálsson (ritstjóri). *Lestarbókin okkar: greinasafn um lestur og læsi* (bls. 57–66). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Freyja Birgisdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Rannveig Oddsdóttir. (2013). Þróun textaritunar í fyrstu bekkjum grunnskóla: Frásagnir og upplýsingartextar barna í 2.-4. Bekk. *Netla – vef tímariti um uppeldi og menntun*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir\\_og\\_skolastarf/007.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2013/rannsoknir_og_skolastarf/007.pdf)
- Freyja Birgisdóttir. (2010). Einstaklingsmunur og þróun læsis hjá fjöggra til sjö ára börnum. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2010/alm/010.pdf>
- Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. (2014). *Er þetta stafurinn minn: Handbók um læsi ungra barna*. Mosfellsbær: Höfundur.
- Guðmundur B. Kristmundsson. (2009). Rannsóknarrýni: Rýnt í skýrsluna: Staða lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum. *Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 149 – 153. Sótt af [http://skemman.is/stream/get/1946/15140/36657/1/10\\_rannsoknarryni.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/15140/36657/1/10_rannsoknarryni.pdf)
- Guðrún Björg Ragnarsdóttir og Sif Stefánsdóttir. (2009). Hvetjandi námsumhverfi. Í Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Íslenska í 1. og 2. Bekk: Handbók kennara*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Guðrún Edda Bentsdóttir. (2009). Árangursrík lestrarkennsla. *Glæður*, 19, 26–32.
- Gunn, B. K., Simmons, D. C. og Kameenui, E. J. (1995). *Emergent literacy: Synthesis of the research*. Sótt af <http://www.researchconnections.org/childcare/resources/2776/pdf>
- Hafsteinn Karlsson. (2005). *Að lesa og skrifa: Handbók fyrir kennara*. Sótt af <http://www.ismennt.is/not/hsteinn/A%C3%B0%20lesa%20og%20skrifa.pdf>
- Hafþór Guðjónsson. (2011). Kennarinn sem rannsakandi. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/011.pdf>

- Halldóra Haraldsdóttir. (2009). Talað mál og hlustun. Í Sylvía Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Íslenska í 1. og 2. Bekk: Handbók kennara* (bls. 19–33). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Halldóra Haraldsdóttir. (2010). Hvað vita börn um læsi við lok leikskóla? Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn 2010*. Sótt af [http://skemman.is/stream/get/1946/6821/18598/1/5360\\_HalldoraHaralds\\_FELMANbok.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/6821/18598/1/5360_HalldoraHaralds_FELMANbok.pdf)
- Halldóra Haraldsdóttir. (2012). Er samfella í læsiskennslu barna á mótum leik- og grunnskóla? *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2012/ryn/018.pdf>
- Hannon, P. (2006). *Family literacy programmes*. Í N. Hall, J. Larson og J. Marsh (ritstjórar), *Early Childhood Literacy* (bls. 100-111). London: SAGE.
- Heiða Rúnarsdóttir. (2011). *Lestur unga fólksins: Þáttur sem þarf að vaxa og dafna*. (Óútgefin MLIS.-ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Heimili og skóli – Landssamtök foreldra. (e.d.) Sótt af <http://www.heimiliogskoli.is/laesi/>
- Helga Sigurmundsdóttir. (2011). Að þjálfra lesfimi. Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri), *Leið til læsis: Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla*. Reykjavík: Námsmatsstofnun. Sótt af [https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid\\_mms.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimividmid_mms.pdf)
- Hoover, W. A. og Gough, B. P. (1990). The simple View of reading. *Reading and writing*, 2, 127 – 160.
- Ingibjörg Auðunsdóttir. (2013). Fágæti og furðuverk. Lestrarhvetjandi samstarfsverkefni heimila og skóla. Í Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson (ritstjórar), *Fagmennska í skólastarfi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ingibjörg Einarsdóttir. (2010). Stóra upplestrarkeppnin 15 ára - Litla upplestrarkeppnin lítur dagsins ljós. *Skíma*, 33(2), 46-47.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Að mörgu er að hyggja*. Reykjavík: Iðnú.

- Jóhanna Einarsdóttir, Amalía Björnsdóttir og Ingibjörg Símonardóttir. (2004). Málproskamælingar í leikskóla og forspárgildi þeirra um námsgengi í grunnskóla. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 67-90.
- Jóhanna Einarsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Amalía Björnsdóttir. (2011). Langtímarannsókn á forspárgildi málproskaathugana á málproska: Frá leikskólaaldri til fullorðinsára. *Netla-Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/ryn/006.pdf>
- Kohn, A. (2006a). *The homework myth: Why our kids get too much of a bad thing*. Cambridge, MA: Da Capo Lifelong.
- Kohn, A. (2006b). The truth about homework: Needless assignments persist because of widespread misconception about learning. *Education Week*, 6 (42–52). Sótt af <http://www.edweek.org/ew/articles/2006/09/06/02kohn.h26.html#>
- Kolbrún Guðríður Haraldsdóttir. (2007). Yndislestur. *Skíma*, 30(2).
- Kuhn, M.R., Schwanenflugel, P.J., og Meisinger, B. M. (2010). Aligning theory and assessment of Reading Fluency: Automaticity, prosody, and definitions og fluency. *Reading Research Quarterly*, 45(2), 230–251.
- Loftur Guttormsson (ritstjóri). (2008). *Almenningsfræðslan á Íslandi 1880 – 2007*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. (2015). *Gleðilegt uppeldi – Góðir foreldrar*. Reykjavík: Bókafélagið.
- Marta Gunnarsdóttir og Rakel G. Magnúsdóttir. (2015). *Nýjar námleiðir í kennslu: Skýsla um þróunarverkefni*. Sótt af [http://www.kelduskoli.is/images/2015-2016/skyrslur/korpa\\_skyrsla\\_minniuppl\\_a4.pdf](http://www.kelduskoli.is/images/2015-2016/skyrslur/korpa_skyrsla_minniuppl_a4.pdf)
- McCoy, E. og Cole, J. (2011). *A Snapshot of Local Support for Literacy: 2010 survey*. Sótt af [http://www.literacytrust.org.uk/assets/0000/7425/Local\\_Authority\\_survey-2010.pdf](http://www.literacytrust.org.uk/assets/0000/7425/Local_Authority_survey-2010.pdf)

- McKeown, M. og Beck, I. (2004). Direct and rich vocabulary instruction. Í J. Baumann og E. Kame'enui (ritstjóri), *Vocabulary instruction – research to practice* (bls. 13–27). New York: The Guilford press.
- Menntamálastofnun. (e.d.). Um menntamálastofnun. Sótt af <https://www.mms.is/um-menntamalastofnun>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013*. Reykjavík: Höfundur.
- Mennta og menningarmálaráðuneytið. (2015). Hvítbók: um umbætur í menntun. Sótt af [https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)
- Nanna Kristín Christiansen. (2010). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Nanna Kristín Christiansen.
- Nanna Kristín Christiansen. (2011). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann* (2. Prentun, endurskoðuð). Reykjavík: Iðnú.
- Ragnheiður Gestsdóttir. (2009). Það er leikur að læra. Í Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjóri), *Íslenska í 1. og 2. bekk. Handbók kennara* (bls. 53-55). Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Rannveig Oddsdóttir, Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Freyja Birgisdóttir. (2012). Textaritun byrjenda frásagnir og upplýsingatextar barna í 1. bekk grunnskóla. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/012.pdf>
- Riley, J. og Reedy, D. (2000). *Developing writing for different purposes*. London: Paul Chapman Publishing Ltd.
- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. (1993). *Læsi íslenskra barna*. Reykjavík: Menntamálráðuneytið, Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála, Kennaraháskóli Íslands.

- Sigríður Sigurjónsdóttir. (2013). Máltaka barna og meðfæddur málhæfileiki. Í Höskuldur Þránínsson og Matthew Whelpton (ritstjórar), *Chomsky, Mál, sál og samfélag* (bls.107–127). Reykjavík: Hugvísindastofnun og Háskólaútgáfan.
- Sigurður Konráðsson. (2000). Orðaforði. Í Heimir Pálsson (ritstjóri). *Lestrarbókin okkar* (bls. 151-170). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands: Íslenska lestrarfélagið.
- Sigurlaug Elva Ólafsdóttir. (2010). *Upplifun foreldra með ADHD eða ADD af heimanámi eigin barna: Samstarf umsjónarkennara og foreldra*. (Óútgefin M.Ed.-ritgerð). Háskólinn á Akureyri, Akureyri.
- Símon Jóh. Ágústsson. (2000). Tómsundalestur. Í Heimir Pálsson (ritstjóri). *Lestarbókin okkar: greinasafn um lestur og læsi* (bls. 17–181) Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Snorkur ehf. (2015). Lestrarátakið. Sótt af <http://www.visindamadur.com/#!lestraratak/cypb>
- Steinunn Torfadóttir. (2011). Leið til læsis. Í Steinunn Torfadóttir (ritstjóri). *Leið til læsis: Lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla* (bls. 11–14). Sótt af [http://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/leid\\_til\\_laesis/files/assets/common/downloads/publication.pdf](http://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/leid_til_laesis/files/assets/common/downloads/publication.pdf)
- Vacca, J. A. L., Vacca, R. T. og Gove, M. K. (2000). *Reading and learning to read*. (4.útg). New York: Addison Wesley Educational Publishers Inc.
- Vadergif, J. og Greene, A. (1992). Rethinking parent involvement. *Educational Leadership* 50(1) 57 – 59.
- Vatterott, C. (2009). *Rethinking homework, best practices that support diverse needs*. Alexandria, Va: ASCD.
- Whitehurst, G. J. og Lonigan, C. J. (1998). Child development and emergent literacy. *Child development*, 69(3), 848-872.

Þóra Kristinsdóttir. (2009). Lestur – lestrarkennsla. Í Sýlvía Guðmundsdóttir (ritstjóri).  
*Íslenska í 1. og 2. bekk. Handbók kennara* (bls. 7–9). Reykjavík:  
Námsháskóla Íslands.



